




FJÄRMÁIARÁÐUNEFNID

Þjóðarbúskapurinn

Haustskýrsla 2002



Efnisyfirlit

Bls.

1. Inngangur og helstu niðurstöður.....	3
2. Þjóðhagsspá.....	4
2.1 Framvinda efnahagsmála 2002	4
2.2 Yfirlit þjóðhagsspár 2003	5
2.3 Horfur á næstu árum	7
3. Horfur í alþjóðlegum efnahagsmálum.....	8
3.1 Bandaríkin	8
3.2 Evrópa	9
3.3 Japan	10
3.4 Önnur lönd.....	10
4. Innlendir fjármálamarkaður.....	12
4.1 Peningamarkaður og gengi	12
4.2 Skuldabréfamarkaður	13
4.3 Hlutabréfamarkaður.....	14
5. Utanríkisviðskipti og greiðslujöfnuður.....	15
5.1 Vöruútflutningur.....	15
5.2 Vöruinnflutningur.....	16
5.3 Þjónustujöfnuður	16
5.4 Jöfnuður þáttatekna	16
5.5 Viðskiptajöfnuður.....	17
5.6 Erlend skuldastaða þjóðarbúsins	17
6. Atvinnuvegir	18
6.1 Afkoma og framleiðsla	18
6.2 Fjárfesting atvinnuveganna.....	22
7. Íbúáþróun og vinnumarkaður.....	24
7.1 Íbúáþróun.....	24
7.2 Vinnumarkaður.....	25
8. Verðlag	28
9. Heimilin	30
9.1 Tekjur	30
9.2 Eignir, skuldir og sparnaður	31
9.3 Einkaneysla	32
9.4 Íbúðarhúsnæði og fasteignamarkaður.....	33
10. Búskapur hins opinbera.....	35
10.1 Fjármál ríkissjóðs	35
10.2 Fjármál sveitarfélaga	35
10.3 Fjármál hins opinbera	36

1. Inngangur og helstu niðurstöður

Frá og með 1. júlí sl. voru verkefni Þjóðhagsstofnunar á sviði þjóðhagsspár flutt til fjármálaráðuneytisins og gerð þjóðhagsreikninga til Hagstofunnar. Meðfylgjandi skýrsla lýsir stöðu og horfum í efnahagsmálum, meðal annars á grundvelli þeirrar efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar sem kynnt er í þjóðhagsáætlun. Þetta eru jafnframt forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2003.

Framvinda efnahagsmála upp á síðkastið endurspeglar fyrst og fremst mjög snarpa aðlögun í þjóðarbúskapnum í kjölfar mikillar uppsveiflu undanfarinna ára. Verulega hefur dregið úr verðbólgu á þessu ári og horfur fyrir næsta ár benda til að hún verði innan við 2½%. Atvinnu-

leysi hefur aukist tímabundið en flest bendir til að það fari fremur lækkandi á næstunni.

Kröftugur viðsnúningur í utanríkisviðskiptum frá árinu 2000 sýnir sveigjanleika íslenska hagkerfisins til að mæta tímabundnum áföllum. Þessi skjóta aðlögun sýnir einnig að þjóðarbúið virðist tilbúið til þess að hefja nýja sókn til aukins hagvaxtar sem flestar líkur benda til að gangi eftir á næstu árum.

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum nýrrar þjóðhagsspár fyrir árin 2002-2003 og horfum fyrir næstu ár þar á eftir. Rétt er að undirstrika að í þessari spá er ekki gert ráð fyrir áhrifum hugsanlegra virkjunar- og stóriðjuframkvæmda á næstu árum.

- Gert er ráð fyrir að landsframleiðsla standi í stað árið 2002 í stað samdráttar í fyrri spám. Árið 2003 er spáð 1½% hagvexti og um 3% hagvexti að jafnaði á árunum 2004-2007.
- Þjóðarútgjöld eru talin dragast saman um 3% á árinu 2002. Það má einkum rekja til samdráttar í fjárfestingu, m.a. er reiknað með að fjárfesting atvinnuveganna verði fimmtungi minni en árið 2001. Árið 2003 eru þjóðarútgjöld hins vegar talin aukast um 1½%.
- Ein meginniðurstaða þjóðhagsspár er að viðskiptahallinn sem hér hefur mælst samfelld frá árinu 1995 hverfi á þessu ári. Það stafar einkum af mikilli aukningu útflutnings. Horfur eru á að áfram verði jafnvægi í utanríkisviðskiptum árið 2003.
- Spáð er ört lækkandi verðbólgu bæði í ár og næsta ár. Hækkun neysluverðsvísitölu er talin verða nálægt 4¾% milli áranna 2001 og 2002 og um 2¼% milli áranna 2002 og 2003.
- Kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna hefur aukist samfelld frá árinu 1994. Árið 2002 er talið að kaupmátturinn aukist um 1½% og spáð er 2% aukningu árið 2003.
- Þjóðhagslegur sparnaður hefur aukist verulega að undanförmu í kjölfar minnkandi þjóðarútgjalda og er talinn verða 19% af landsframleiðslu samanborið við 14% árið 2000. Hagstæð þróun í utanríkisviðskiptum hefur skilað sér í batnandi skuldastöðu þjóðarbúsins. Hreinar erlendar skuldir þjóðarinnar hafa lækkað á þessu ári og spáð er áframhaldandi lækkun á næsta ári.
- Fjárlög ríkissjóðs fyrir árið 2003 gera ráð fyrir áframhaldandi afgangi á ríkissjóði þrátt fyrir hægfara uppsveiflu í efnahagslífinu og verulega lækkun tekju- og eignarskatta á einstaklingum og fyrirtækjum.

2. Þjóðhagsspá¹

2.1 Framvinda efnahagsmála 2002


Í nýrri þjóðhagsspá er reiknað með að hagvöxtur, á mælikvarða vergrar landsframleiðslu, standi í stað árið 2002, en hann mældist 3,6% árið á undan samkvæmt nýlegu endurmati Hagstofu Íslands á tölum þjóðhagsreikninga undanfarinna ára. Í síðustu þjóðhagsspá var hins vegar gert ráð fyrir að landsframleiðslan myndi dragast saman um 0,8% að raungildi árið 2002. Frávikið stafar einkum af kröftugri útflutningi en áður var reiknað með. Þessi þróun veldur því að viðskiptajöfnuður er nú talinn verða í jafnvægi árið 2002.

Reyndar hafa ytri skilyrði almennt verið þjóðarþróunin hagfelld á árinu 2002. Þannig hafa viðskiptakjör batnað um tæplega 1%, fyrst og fremst vegna hækkunar á verðlagi sjávarafurða. Þessi áhrif koma meðal annars fram í því að þjóðartekjur aukast mun meira en sem nemur hagvexti á yfirstandandi ári, eða um liðlega 1¼%.

Þjóðarútgjöld eru talin munu dragast saman annað árið í röð um 3%. Hér munar mestu um verulegan samdrátt í fjárfestingu atvinnuveganna, en einnig er gert ráð fyrir töluverðum samdrætti í fjárfestingu opinberra aðila. Fjárfesting í íbúðarhúsnæði er hins vegar talin standa nokkurn veginn í stað. Að öllu samanlögðu er talið að heildarfjárfesting verði tæplega 15% minni að magni árið 2002 en í fyrra sem er svipaður samdráttur og gert var ráð fyrir í fyrri spá.

Einkaneysla heldur áfram að dragast saman á árinu 2002, en þó ekki í sama mæli og árið á undan. Samdráttur einkaneyslunnar var um 3% árið 2001 og verður tæplega 1% á yfirstandandi ári sem er umtalsverður viðsnúningur frá tímabilinu 1996-2000 þegar einkaneyslan óx árlega að meðaltali um 4%. Samdráttur einkaneyslunnar árin 2001 og 2002 á sér stað á sama tíma og kaupmáttur ráðstöfunartekna er að aukast sem sýnir að sparnaður fer vaxandi. Samneysla ríkis og sveitarfélaga er talin vaxa um 2¾% á árinu 2002. Þetta er minni vöxtur en mörg undanfarin ár.

Mynd 1: Þjóðarútgjöld, landsframleiðsla og viðskiptajöfnuður 1995-2003



Samdráttur í þjóðarútgjöldum eykur þjóðhagslegan sparnað og er nú talið að hann verði tæp-

¹ Síðustu upplýsingar sem þetta rit byggir á eru frá 20. september. Allar áætlanir og spár eru gerðar af fjármálaráðuneytinu nema annað sé tekið fram. Í töflum eru spágildi skyggð.

lega 19% af landframleiðslu á yfirstandandi ári, samanborið tæplega 14% árið 2000. Þetta er afar jákvæð þróun sem hefur aukið jafnvægi í

þjóðarbúskapnum, sem meðal annars birtist í jöfnuði í viðskiptum gagnvart útlöndum.

Tafla 1: Yfirlit þjóðhagsspár

	Ma. kr. 2002	Magnbreytingar frá fyrra ári, %			
		2000	Bráðab. 2001	Áætlun 2002	Spá 2003
Einkaneysla	423,6	4,0	-3,0	-1	1¼
Samneysla	188,9	3,7	3,2	2¾	1
Fjármunamyndun	148,6	14,8	-4,4	-14¾	1¾
atvinnuvegafjárfesting	82,2	14,9	-9,3	-20¾	3½
íbúðarhúsnæði	33,0	10,5	12,9	-¼	-2
fjárfesting hins opinbera	33,4	18,1	-0,7	-7	½
Birgðabreytingar ¹⁾	-0,2	0,4	-0,8	¼	0
Þjóðarútgjöld alls	760,9	6,7	-3,0	-3	1½
Útflutningur vöru og þjónustu	318,4	5,0	7,8	5¼	3½
Innflutningur vöru og þjónustu	292,4	8,0	-9,0	-2¾	3
Landsframleiðsla	786,9	5,5	3,6	0	1½
Þjóðartekjur	762,0	4,6	3,0	½	1½
Viðskiptakjaraáhrif	-	-1,0	0,2	¾	-¼
Þjóðartekjur með viðskiptakjaraáhrifum	762,0	3,5	3,1	1¼	1¼
Viðskiptajöfnuður	0,4	-	-	-	-
% af landsframleiðslu	-	-10,3	-4,3	0	0


1) Hlutfallstölur sýna birgðabreytingar milli ára sem hlutfall af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verði.

2.2 Yfirlit þjóðhagsspár 2003

Í þjóðhagsspá fyrir árið 2003 er gert ráð fyrir hæfum efnahagsbata og liðlega 1½% hagvexti. Það er um 1% minni vöxtur en fólst í síðustu spá. Þjóðarútgjöld eru nú talin aukast um tæplega 1½%, eða helmingi minna en í fyrri spá. Frávikið stafar fyrst og fremst af breyttu mati á fjárfestingarhorfum auk þess sem samneysluspáin er mun lægri. Rétt er að undirstrika að í þeirri þjóðhagsspá sem hér er kynnt er ekki gert ráð fyrir nýjum stóriðju- og virkjunarframkvæmdum umfram það sem þegar hefur verið ákveðið.

Í spánni er reiknað með að einkaneyslan aukist að raungildi um 1¼% á næsta ári. Sem fyrr er gert ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna vaxi mun meira en sem nemur vexti einkaneyslu og að sparnaður muni því aukast þriðja árið í röð.

Mynd 2: Hlutdeild einstakra liða ráðstöfunar í hagvexti



Áætlað er að samneysluútgjöld aukist aðeins um 1% árið 2003. Þetta er töluvert minni vöxtur en á undanförunum árum þar sem samneyslan óx árlega um 3½% að meðaltali á árunum 1999-2002.

Spáin gerir ráð fyrir tæplega 2% aukningu í fjárfestingu árið 2003. Spáð er samdrætti í íbúðarbyggingum, sem nemur um 2%. Fjárfesting á vegum hins opinbera er hins vegar talin munu aukast lítillega, eða um ½% að raungildi. Eðli máls samkvæmt ríkir mest óvissa um fjárfestingu atvinnuveganna. Bætt rekstrarskilyrði, m.a. vegna lækkunar tekju- og eignarskatta og lækkandi raunvaxta gefa þó tilefni til þess að hún muni heldur vaxa. Hér er

gert ráð fyrir að fjárfesting fyrirtækja muni aukast um 3½% á árinu 2003. Til samanburðar var síðast spáð um 10% aukningu í fjárfestingu alls sem fólst í 7,5% aukningu íbúðarbygginga, um 2% aukningu fjárfestingu á vegum hins opinbera og tæplega 14% aukningu í atvinnuvegafjárfestingu árið 2003.

Reiknað er með að utanríkisviðskipti verði nánast í jafnvægi á árinu 2003 og halli á viðskiptajöfnuði verði innan við einn milljarð króna. Gert er ráð fyrir að gengi krónunnar haldist sem næst óbreytt frá því sem nú er sem jafngildir því að gengisvísitalan mælist að meðaltali 130 stig árið 2003.

Tafla 2: Lykiltölur þjóðhagsspár

Magnbreytingar frá fyrra ári í % nema annað sé tekið fram

	2000	2001	Áætlun 2002	Spá 2003
Þjóðhagsstærðir				
Hagvöxtur	5,5	3,6	0	1½
Þjóðarútgjöld	6,7	-3,0	-3	1½
Viðskiptajöfnuður sem % af VLF	-10,3	-4,3	0	0
Hrein erlend skuld sem % af VLF	91,0	103,3	97½	95
Þjóðhagslegur sparnaður sem % af VLF	13,8	17,7	19	18¾
Vinumarkaður				
Vinnuafli (þús. ársverk)	141,7	144,1	145,5	147,2
Atvinnuleysi sem % af vinnuafli	1,3	1,4	2½	2½
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	1,3	2,3	1½	2
Hlutfall launa af þáttatekjum alls	66,3	61,4	62¼	62¼
Útanríkisviðskipti				
Útflutningur sjávarafurða	-3,1	3,4	3	½
Vöruútflutningur alls	-1,3	7,1	6½	2½
Almennur innflutningur	2,5	-12,0	-2¼	3¾
Viðskiptakjör vöruviðskipta	-3,9	2,0	2	-1
Peninga- og verðlagismál				
Vísitala neysluverðs, %	5,0	6,7	4¾	2¼
Gengisvísitala, stig	112,7	135,4	132	130
Raunvextir langtímalána, %	5,9	5,9	5	4½
Ytri skilyrði				
Hagvöxtur í Evrópusambandinu	3,4	1,7	1½	2¾
Verðbólga í Evrópusambandinu	1,9	2,2	2	2
Erlent verð sjávarafurða	0,5	3,9	4	2
Erlent innflutningsverð án olíu	4,5	1,2	1¼	2

2.3 Horfur á næstu árum

Framreikningur til lengri tíma getur gefið hugmynd um efnahagshorfur næstu ára sem aftur gæti verið leiðsögn um hvað mætti betur fara í stjórn efnahagsmála. Eðli máls samkvæmt er slíkur framreikningur háður mikilli óvissu. Þeir framreikningar sem hér er fjallað um ná yfir tímabilið 2004-2007.

Helstu forsendur sem stuðst er við eru að samneysla vaxi um 2½% á ári og er þar höfð hliðsjón af sögulegum vexti. Framleiðsla sjávarafurða er talin aukast árlega um 2% og er þá reiknað með aukningu þorskafla ásamt auknu vinnsluvirði sjávaraflans. Ekki er á þessu stigi reiknað með aukinni framleiðslu stóriðjufyrirtækja. Gengi íslensku krónunnar er látið vera fast allt framreiknistímabilið. Varðandi ytri skilyrði eru spár OECD notaðar sem forsendur fyrir framreikninga. Þessar spár gera m.a. ráð fyrir að hagvöxtur ríkja Evrópusambandsins verði um 2½% og verðbólga aðildarríkja OECD tæplega 2% á tímabilinu 2004-2007.

Tafla 3: Helstu niðurstöður framreikninga 2004-2007

Árleg magnbreyting í % nema annað sé tekið fram.

	Grunndæmi	Fráviksdæmi
Breytilegar forsendur		
Samneysla	2½	1½
Gengisvísitala, stig	130	135
Niðurstöður		
Hagvöxtur.....	3	3
Þjóðarútgjöld.....	3¼	2¾
Fjármunamyndun % af VLF....	20¾	20½
Þjóðhagslegur sparnaður % af VLF	20½	21¼
Verðbólga milli ára, %	2¼	2¾
Atvinnuleysi % af vinnuaflum	2	2
Kaupmáttur tímakaups	2	1½
Viðskiptajöfnuður % af VLF....	-¼	½

Eins og fram hefur komið er reiknað með hægum efnahagsbata á árinu 2003 með liðlega 1½% hagvexti sem er töluvert lægri en sögulegur langtímahagvöxtur, en frá 1945 hefur hann mælst um 4% að meðaltali á ári. Niður-

staða framreikninga er að árlegur hagvöxtur verði liðlega 3% að meðaltali á tímabilinu.

Verðbólga er talin verða 2¼% að meðaltali. Atvinnuleysi helst nokkuð stöðugt nálægt 2% af vinnuaflinu. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann er talinn munu aukast árlega um 2% að meðaltali. Viðskiptajöfnuður er í tiltölulega góðu jafnvægi á öllu tímabilinu með hlutfallslega litlum halla sem aldrei verður meiri en ½% af landsframleiðslu. Þessi niðurstaða bendir til þess að gengisvísitala í kringum 130 stig liggja nálægt langtímajafnvægi, en dugi þó ekki til að þjóðhagslegur sparnaður standi undir fjárfestingu þjóðarbúsins tímabilið 2004-2007.

Með hliðsjón af þessari óvissu var reiknað fráviksdæmi þar sem tveimur forsendum er breytt. Sú fyrri felur í sér að árlegur vöxtur samneyslunnar er lækkaður úr 2½% í 1½%. Hin forsendan felur í sér að gengisvísitala íslensku krónunnar verði 135 stig í stað 130.

Niðurstaða þessa fráviksdæmis er að hagvöxtur verði hinn sami, en að þjóðarútgjöld verði ½% lægri. Þjóðhagslegur sparnaður stendur því undir fjárfestingu þjóðarbúsins. Verðbólga verður hins vegar um ½ prósentustigi hærrí í fráviksdæminu. Atvinnuleysi helst óbreytt og kaupmáttur tímakaups lækkar lítilllega. Í báðum dæmunum eykst framleiðni vinnuafls um 1½% á ári sem er álíka aukning og árlegur meðalvöxtur árána 1999-2002. Í utanríkisviðskiptum myndast afgangur sem er mikilvæg niðurstaða með það fyrir augum að grynna á skuldum þjóðarbúsins gagnvart útlöndum.

Þessir framreikningar gefa vísbendingu um jákvæð áhrif aðhaldssamrar stefnu í fjármálum hins opinbera, í þessu tilviki með því að halda aftur af samneysluútgjöldum. Reikna má með að svipuð niðurstaða fái ef dregið er úr fjárfestingarútgjöldum. Þótt slíkir framreikningar séu verulegri óvissu háðir eru þeir mikilvægir við að meta áhrif ýmissa utanaðkomandi þátta, svo sem t.d. stóriðjuframkvæmda, á stöðu efnahagsmála.

3. Horfur í alþjóðlegum efnahagsmálum


Eftir niðursveiflu árið 2001 eru horfur í alþjóðæfnahagsmálum nú töluvert bjartari. Hagvöxtur tók að aukast á ný undir lok ársins 2001 og fyrsti ársfjórðungur þessa árs lofaði góðu. Síðan virðist hins vegar hafa komið nokkurt bakslag og samkvæmt nýjustu spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er gert ráð fyrir að hagvöxtur og vöxtur í alþjóðaviðskiptum verði minni á þessu og næsta ári en gert var ráð fyrir í síðustu spá þeirra í apríl. Þetta stafar fyrst og fremst af veikari stöðu á fjármagnsmörkuðum, minni hagvexti í Bandaríkjunum og Evrópu og auknum efnahagsörðugleikum í ýmsum nýmarkaðsríkjum. Þrátt fyrir þetta hefur hagvöxtur haldist jákvæður og er gert ráð fyrir að hann haldi áfram að aukast á næsta ári. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spáir nú 2¾% hagvexti í heiminum í ár og 3¾% á næsta ári.

Aukinn hagvöxtur í Bandaríkjunum, aukin iðnaðarframleiðsla og aukin alþjóðaviðskipti skipta mestu máli um að efnahagshorfur eru bjartari en í fyrra. Snögg viðbrögð stjórnvalda hjálpuðu til í þessum efnum þar sem vaxta- og skattalækkanir fóru mjög fljótt í gang, sérstaklega í Bandaríkjunum. Hins vegar hefur eftirspurn ekki verið mikil utan Bandaríkjanna og því hefur viðsnúningur annars staðar verið mjög háður eftirspurn þar. Fjárfestingar hafa heldur ekki aukist að marki en þær eru nauðsynleg forsenda áframhaldandi hagvaxtar.

Staðan á fjármálamörkuðum hefur versnað og verð á hlutabréfamörkuðum hefur almennt lækkað síðan í mars, sem meðal annars má rekja til versnandi afkomuhorfa fyrirtækja í kjölfar margvíslegra bókhaldsmisferla. Áhættufælni fjárfesta hefur því aukist og fjármögnunarmöguleikar nýmarkaðsríkja versnað. Samt sem áður er búist við að hagvöxtur haldi áfram

að aukast. Verðbólga hefur ekki verið mikil og því mögulegt að halda vaxtastigi áfram lágu.

Mynd 3: Vísitala landsframleiðslu í Bandaríkjunum, ESB og Japan 1990-2002
1990=100



Heimild: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og OECD.

3.1 Bandaríkin

Í Bandaríkjunum hefur einkaneysla haldið hagvextinum uppi og efnahagslæðin því ekki verið djúp. Vaxta- og skattalækkanir stjórnvalda hafa augljóslega haft sitt að segja í þessari þróun. Framleiðnistig hefur einnig verið hátt, sérstaklega í lok síðasta árs og byrjun yfirstandandi árs. Þá hefur atvinnuleysi ekki aukist mikið.

Á öðrum fjórðungi þessa árs hefur hins vegar hægt aðeins á hagvexti, að hluta til vegna meiri innflutnings, en einnig vegna þess að neyslan hefur aðeins dregist saman. Versnandi staða á fjármagnsmörkuðum hefur dregið úr tiltrú fjárfesta í kjölfar fjármálahneyksla en einnig er

Tafla 4: Ástand og horfur í efnahagsmálum í heiminum
Hlutfallslegar breytingar (%) nema annað sé tekið fram.

	2000	2001	Áætlun 2002	Spá 2003
Hagvöxtur	4,7	2,2	2,8	3,7
Iðnríki	3,8	0,8	1,7	2,5
Bandaríkin	3,8	0,3	2,2	2,6
Evrópusambandið	3,5	1,6	1,2	2,4
Japan	2,2	-0,5	-0,5	1,1
Þróunarríki	5,7	3,9	4,2	5,3
Í Asíu	6,7	5,6	6,2	6,2
Í Afríku	3,0	3,5	3,1	4,2
Nýmarkaðsríki	6,6	5,0	3,9	4,5
Rússland	9,0	5,0	4,4	4,9
Alþjóðaviðskipti	12,6	-0,2	2,4	6,1
Verðbólga				
Iðnríki	2,3	2,2	1,5	1,8
Þróunarríki	6,1	5,7	5,8	6,0
Nýmarkaðsríki	20,2	15,9	11,4	8,9
Vextir, LIBOR til sex mánaða, % á ári				
Bandaríkjadollarar	6,6	3,7	2,1	3,2
Japönsk jen	0,3	0,2	0,1	0,1
Evra	4,6	4,1	3,4	3,8
Hráólúverð í Bandaríkjadollurum	57,0	-14,0	0,5	-0,8

Heimild: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, september 2002.

trúlegt að lægra verð á hlutabréfamörkuðum hafi áhrif á einkaneyslu þar sem hlutabréfaeign heimila er algeng í Bandaríkjunum og hefur þetta því áhrif á eignastöðu heimila og þar með neyslu.

Afkoma hins opinbera hefur versnað vegna skattalækkana, kostnaðar vegna hryðjuverkanna og almennt vegna niðursveiflunnar. Halli á ríkisfjármálum mun að öllum líkindum nema 1½% af VLF í ár.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spáir 2¼% hagvexti í Bandaríkjunum á þessu ári og rúmlega 2½% árið 2003. Spá fyrir næstu mánuði og ár byggist að verulegu leyti á því að eftirspurn muni aukast og að auknar fjárfestingar vegi upp á móti hægari vexti í einkaneyslu. Fallið á hluta-

brefamörkuðum hefur neikvæð áhrif á eftirspurn en lágir langtímavextir og gengislækkun dollarans vega að einhverju leyti á móti þeim áhrifum. Verðbólga er enn lítil svo unnt verður að halda vaxtastigi lágu áfram sem aftur mun hafa jákvæð áhrif á almenn efnahagsumsvif.

3.2 Evrópa

Í Evrópu hafa hagvaxtarspár lækkað frá því fyrr á árinu. Afkoma hins opinbera hefur versnað og atvinnuleysi er enn tiltölulega hátt. Flóðin síðsumars 2002 hafa einnig valdið auknum útgjöldum að undanfögnu. Þrátt fyrir þetta er reiknað með að hagvöxtur haldi áfram að aukast í Evrópu þótt hægt verði.

Viðsnúningur í Evrópu hefur ekki verið eins mikill og annars staðar, einkum í Bandarík-

unum og Asíu. Útflutningur hefur verið helsti drifkrafturinn en innflutningur hefur minnkað þar sem innlend eftirspurn er enn lítil og einkaneysla og fjárfesting hefur haldið áfram að dragast saman. Verðbólga hefur verið við eða um 2%-viðmiðunarmörk Seðlabanka Evrópu. Launahækkningar umfram framleiðniaukningu hafa valdið áhyggjum í þessu sambandi en nú er gert ráð fyrir að verðbólga fari lækandi á næstunni að því gefnu að olíuverð haldist tiltölulega stöðugt. Gert er ráð fyrir að afkoma hins opinbera batni í flestum ríkjum á evrusvæðinu en halli hefur verið víða þótt staða ríkisfjármála sé mjög mismunandi á milli landa.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spáir því að hagvöxtur í Evrópusambandslöndunum aukist í lok þessa árs og verði um 2½% á næsta ári. Vísbindingar um framleiðslu, pantanir og væntingar fyrirtækja og einstaklinga benda til þess að hagvöxtur muni aukast undir lok ársins. Einkaneysla ætti að aukast þar sem hagnaður hefur aukist, verðbólga minnkað og staðan á vinnumarkaði hefur batnað. Búist er við að fjárfestingar aukist eftir því sem tekjur fyrir-tækja hækka.

Helstu áhættuþættir snúa að því hvort erlend eftirspurn dregst saman og hvort evran heldur áfram að styrkjast en það gæti haft neikvæð áhrif á hagvöxt. Einnig hefur verð á hlutabréfamörkuðum lækkað meira en í Bandaríkjunum sem getur haft neikvæð áhrif á væntingar og eftirspurn þrátt fyrir að hlutabréfaeign heimila sé ekki eins algeng og í Bandaríkjunum. Að lokum má nefna að óvísst er með þróun iðnaðarframleiðslu og eftirspurnar í Þýskalandi sem gæti haft víðtæk áhrif í Evrópu.

3.3 Japan

Búist er við að hagvöxtur taki smám saman að aukast í Japan en botninum virðist nú vera náð þar eftir þriðju og verstu niðursveifluna í áratug. Iðnaðarframleiðsla hefur aukist en aukinn útflutningur hefur ýtt undir þá þróun. Líklegt þykir að áframhaldandi hagvöxtur í Japan sé töluvert háður útflutningi en hækkun á

gengi jensins gæti dregið úr honum. Enn eru til staðar veikleikar á fjármálageiranum sem hafa neikvæð áhrif á japanskt efnahagslíf. Stjórnvöld hafa leitast við að auka hagvöxt með skatta- og vaxtalækkunum en þetta hefur þó kostað töluverða byrði á afkomu hins opinbera og skuldastaða hefur versnað umtalsvert.

Svo virðist sem efnahagslífið hafi tekið við sér í byrjun árs en útflutningur og samneysla jókst fyrstu þrjú mánuði ársins og sömuleiðis voru merki um að einkaneyslan hefði aukist. Hins vegar er eftirspurn heimila enn ekki vel fest í sessi og verðhjöðnun enn til staðar. Eignir hafa tapað verðgildi sínu þar sem verð á hlutabréfamörkuðum hefur lækkað og sömuleiðis er lóðaverð enn að lækka.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spáir því að hagvöxtur í Japan dragist saman um ½% í ár en að hann aukist um rúmt 1% á næsta ári. Þessi spá byggir á því að eftirspurn aukist smám saman og einkaneysla og fjárfestingar fyrirtækja taki að aukast í lok þessa árs. Helstu áhættuþættir felast í frekari gengishækkun jensins, minni hagvexti annars staðar og frekari lækkun á hlutabréfamörkuðum.

3.4 Önnur lönd

Af öðrum löndum ber helst að nefna að efnahagsörðugleikar Argentínu hafa haft áhrif á önnur lönd í Mið- og Suður-Ameríku. Gott útlit er þó í Mexíkó og Chile en Brasília, Úruguay og fleiri ríki standa ekki eins vel að vígi. Í nýmarkaðsríkjum Asíu hefur viðsnúningurinn verið sterkari en búist var við, að hluta til vegna vaxtar í alþjóðaviðskiptum og viðsnúningi í upplýsingatæknigeiranum. Hins vegar er innlend eftirspurn ekki mikil í mörgum þessara landa og eru þau því mjög háð erlendri eftirspurn. Í Kína hefur hagvöxtur verið mikill en þar hefur útflutningur aukist eftir inngöngu í Alþjóðaviðskiptastofnunina. Opinberar fjárfestingar hafa aukist og framleiðniaukning ætti að halda áfram á næstu árum. Verulega ójöfn tekjudreifing á milli héraða er þó enn til staðar í Kína. Hagvöxtur hefur einnig verið mikill á Indlandi en þar hefur einkavæðing komist á

skrið og erlendar fjárfestingar eru nú leyfðar í auknum mæli. Hins vegar eru fjármál hins opinbera ekki stöndug og halli á ríkisfjármálum hefur aukist. Í Mið-Austurlöndum eru öryggismálin enn í brennidepli og hafa þau neikvæð áhrif á Ísrael og nágrannaríkin en olíuverð hefur þó haldist hátt. Töluverður hagvöxtur hefur verið í Rússlandi og sambandsríkjunum og sömuleiðis í Mið- og Austur-Evrópu þar

sem erlendar fjárfestingar hafa verið miklar. Í þróunarríkjunum hefur hagvöxtur aukist og þá sérstaklega í Afríku þar sem hann hefur aukist meira en búist var við. Þessi jákvæða þróun á einkum rætur sínar að rekja til lægra olíuverðs, lægri verðbólgu, nýrra útflutningsmarkaða og endaloka styrjaldaráttaka á mörgum stöðum. Hins vegar er efnahagsástandið enn slæmt víða og mikil hungursneyð í suðurhluta Afríku.

4. Innlendir fjármálamarkaður

4.1 Peningamarkaður og gengi

Eitt og hálf ár er liðið síðan gerðar voru breytingar á stjórn peningamála hérlendis. Gengisvíkmörk voru afnumin en í staðinn tekið upp verðbólguþolmarkmið sem miðar við að tólf mánaða hækkun vísitölu neysluverðs verði sem næst 2,5% til lengri tíma litið. Þolmörk eru 1½ prósentustig til hvorrar áttar. Efri mörkin voru þó hærri til að byrja með, eða 6% árið 2001 og 4½% árið 2002.

Talsverðar sveiflur hafa verið á gengi íslensku krónunnar síðustu misseri. Í lok apríl árið 2000 náði gengið hámarki en þá var gengisvísitalan í 107,7 stigum. Eftir það tók við tímabil gengislækkunar og undir lok ársins 2001 hafði gengið lækkað um tæplega 30% en þá fór gengisvísitalan yfir 151 stig. Frá þeim tíma hefur gengi krónunnar styrkst og í ágúst 2002 náði krónan sínu hæsta verðgildi frá því hún var sett á flot í lok mars árið 2001 en þá var gengisvísitalan 124,6 stig. Síðan hefur gengi krónunnar veikst lítillega og stendur í 128-130 stigum þegar þetta er ritað.

Seðlabankinn hefur lækkað vexti sína sjö sinnum á fyrstu níu mánuðum ársins 2002, eða samtals um 3 prósentustig. Vextir Seðlabankans hafa þannig lækkað um 4,3 prósentustig frá því vaxtalækkunarferlið hófst í apríl árið 2001. Vextir í endurhverfum viðskiptum voru 10,1% í upphafi ársins 2002 og var mikill þrýstingur á Seðlabankann að slaka á aðhaldsstigi peningastefnunnar. Hátt aðhaldsstig helgaðist fyrst og fremst af hárrí verðbólgu sem var komin í 9,4% í janúar 2002 miðað við undangengna 12 mánuði og raunvextir voru þar af leiðandi lágir. Á næstu mánuðum hjáðnaði verðbólga hins vegar hratt og verðbólguhorfur vænkuðust. Í kjölfar


þessa hófst vaxtalækkunarferill Seðlabankans og eru vextir bankans 7,1% þegar þetta er ritað í lok september.

Í fréttatilkynningu Seðlabankans, sem gefin var út þegar síðasta vaxtalækkunin var ákveðin (18. september), er sagt að vænta megi frekari lækkunar vaxta á komandi mánuðum. Forsenda þess er að útlit verði fyrir að verðbólguþolmið bankans náist og að þróun efnahagsmála verði að öðru leyti í samræmi við spár bankans. Auk framangreindra vaxtalækkana stefnir Seðlabankinn að því að kaupa Bandaríkjadali að andvirði allt að 20 milljarða íslenskra króna fyrir lok ársins 2003. Í yfirlýsingu Seðlabankans segir að ekki sé um að ræða aðgerðir til að hafa áhrif á gengi íslensku krónunnar heldur sé markmið kaupanna að styrkja gjaldeyrisstöðu bankans þannig að hún verði ekki lægri en sem nemur meðaltali þriggja mánaða vöruinnflutnings. Þessar aðgerðir Seðlabankans, þ.e. vaxtalækkunir og gjaldeyris kaup, kunna að leiða til veikingar krónunnar á næstunni. Á móti kunna ákvarðanir í tengslum við stóriðju- og raforkuframkvæmdir og sölu ríkisins á hlutum sínum í ríkisbönkunum að styrkja verðgildi íslensku krónunnar.

Þrátt fyrir vaxtalækkunir Seðlabankans er aðhaldsstig peningastefnunnar, mælt með raunstyrivöxtum, enn frekar hátt. Raunstyrivextir, þ.e. styrivextir að frádregnu verðbólguálagi á ríkisskuldabréfum, hafa reyndar sveiflast talsvert það sem af er þessu ári. Í janúar 2002 voru þeir 6,3% en eru nú, þegar þetta er ritað, 6,1%. Raunstyrivextir hafa því lækkað en þó minna en nafnstyrivextir þar sem verðbólga hefur lækkað hraðar. Þá hefur vaxtamunur gagnvart útlöndum dregist verulega saman það sem af er

árinu og er nú 3,9% ef miðað er við þriggja mánaða ríkisvixla, en var 7% í upphafi árs.

Mynd 4: Aðhaldsstig peningastefnu



Heimild: Seðlabanki Íslands.


Eftirspurn eftir lánsfé hefur dregist saman á síðastliðnum mánuðum. Þannig hafa innlend útlán innlánsstofnana á fyrstu sjö mánuðum ársins 2002 minnkað um 2% miðað við sama tímabil árið 2001. Ásókn í erlent lánsfé hefur einnig minnkað og hefur samdrátturinn verið 8,7% á fyrstu sjö mánuðum ársins miðað við sama tímabil í fyrra. Hins vegar virðist sparnaður vera að aukast þar sem innistæður innlánsstofnana hafa vaxið um 8% á fyrstu sjö mánuðum ársins miðað við sama tímabil árið 2001.

4.2 Skuldabréfamarkaður

Viðskipti á skuldabréfamarkaði hafa verið mikil það sem af er árinu 2002. Heildarvelta húsbréfa, húsnaðisbréfa, spariskírteina ríkis-sjóðs og ríkisbréfa jókst um 27% á fyrstu átta mánuðum ársins miðað við samsvarandi tímabil árið 2001 og nam 384 milljörðum króna samanborið við 302 milljarða á fyrstu átta mánuðum ársins 2001. Mest viðskipti voru með húsbréf, en þau nema 46% af heildarviðskiptum á skuldabréfamarkaði það sem af er árinu.

Lánasýsla ríkisins gaf út nýjan flokk óverðtryggðra ríkisbréfa til 11 ára með lokagjalddaga árið 2013 og er þetta lengsti flokkur ríkisbréfa til þessa. Útgáfa þessa nýja flokks er í samræmi við þá stefnu Lánasýslunnar að gera íslenskan skuldabréfamarkað líkari því sem tíðkast erlendis. Þannig eru skilmálar flokksins áþekkir skilmálum við útgáfur annarra Evrópuþjóða og ætti því þessi flokkur að vera ákjósanlegur kostur fyrir erlenda fjárfesta sem vilja kaupa íslensk skuldabréf.

Mynd 5: Ávöxtunarkrafa skuldabréfa




Heimild: Seðlabanki Íslands.

Lækkun almennra vaxta leiðir jafnan til hækkunar á gengi skuldabréfa. Þannig hafa óverðtryggð ríkisbréf styrkst mikið við vaxtalækkunir undanfarið auk þess sem lækkun verðbólgu hefur einnig haft áhrif á verðmyndun í þeim flokki. Ávöxtunarkrafa ríkisbréfa (RIKB 03 1010) hefur lækkað mest og er þegar þetta er ritað 7% en var 10,5% á sama tíma árið 2001. Lækkun stýrivaxta hefur einnig haft áhrif á ávöxtunarkrafa þriggja ára spariskírteina og er ávöxtunarkrafa þriggja ára spariskírteina 4,9% nú en var 5,4% fyrir ári síðan. Hins vegar hefur ávöxtunarkrafa lengri spariskírteina hækkað og er nú 5,3% en var fyrir ári síðan 5%.

Ekki hefur dregið úr eftirspurn eftir lánsfjármagni á fasteignamarkaði eins og spáð hafði verið og hefur aukin húsbreftútgáfa haft áhrif á ávöxtunarkröfu þeirra. Viðskipti með húsbref hafa verið líflæg auk þess sem hámarksfjárhæðir lána hækkuðu um 20% um mitt ár 2001. Þannig hefur heildarfjárhæð samþykkrá skuldabréfaskipta með húsbref hækkað um 17% á fyrstu átta mánuðum þessa árs miðað við fyrstu átta mánuði ársins 2001. Ávöxtunarkrafa hús- og húsnæðisbréfa hefur sveiflast talsvert á árinu og er nú á bilinu 5,3 - 5,5%.

Mynd 6: Vextir á millibankamarkaði



Heimild: Seðlabanki Íslands.

4.3 Hlutabréfamarkaður

Heildarvelta á íslenska hlutabréfamarkaðinum hefur verið mikil það sem af er árinu. Hlutabréfaveltan var 202 milljarðar króna á fyrstu átta mánuðum ársins, samanborið við 138 milljarða heildarveltu á síðasta ári og hafa viðskipti með hlutabréf aldrei verið meiri. Áður voru viðskipti mest árið 2000 en þá var heildarvelta ársins 198 milljarðar.

Hlutabréfaverð lækkaði nánast samfleytt frá því í apríl 2000 og náði lágmarki í ágúst 2001. Síðan hefur hlutabréfaverð farið hækkanði. Á mynd 7 sést þróun íslensku úrvalsvísitölunnar (ICEX) og heimshlutabréfavisitölu Morgan Stanley. Þróun hlutabréfsverðs hér á landi var í

takt við þróun á erlendum mörkuðum fram til ársins í ár en þá sker þróunin héraðs sig úr og hefur verið mun jákvæðari en á öðrum mörkuðum. Frá ársbyrjun hefur gengi íslensku úrvalsvísitölunnar sveiflast á bilinu 1150-1330 stig og hefur hækkað um 13% frá ársbyrjun samanborið við 24% lækkun heimshlutabréfavisitölu Morgan Stanley (MSCI).

Mynd 7: Vísitölur á verðbréfamörkuðum

1.1.2001=100



Heimild: Búnaðarbanki Íslands og Morgan Stanley Capital International.

Ýmsir þættir eiga þátt í jákvæðri þróun hér á landi. Þannig má nefna lækkun tekjuskatts lögáðila, lækkun vaxta og verðbólgu, jákvæða gengisþróun auk betri afkomu fyrirtækja. Sviptingar í bandarísku viðskiptalífi í kjölfar hryðjuverka, bókhaldssvika og gjaldþrota hafa haft neikvæð áhrif á viðskipti með hlutabréf í Bandaríkjunum. Áhrif bandaríska hlutabréfamarkaðarins á hinn evrópska eru veruleg og hafa hlutabréf í Evrópu nokkurn veginn fylgt sömu þróun, auk þess sem innviðir efnahagslífsins hafa ekki styrkst eins og væntingar stóðu til. Af þessu má ráða að ekki er augljós fylgni á milli íslensks hlutabréfamarkaðar og erlendra markaða, að minnsta kosti ekki til skamms tíma lítið. Þegar fram í sækir má hins vegar reikna með meiri samsvörun milli íslensks og erlends hlutabréfamarkaðar.

5. Utanríkisviðskipti og greiðslujöfnuður

Ein meginniðurstaða nýrrar þjóðhagsspár er að viðskiptajöfnuður verði í jafnvægi árið 2002, í fyrsta sinn síðan 1995. Ekki er búist við teljandi breytingum árið 2003. Þetta eru gríðarleg umskipti frá árinu 2000, en þá nam halli á viðskiptum við útlönd meira en 10% af landsframleiðslu, eða um 80 milljörðum króna á núgildandi verðlagi. Ennfremur hefur færst meiri ró yfir gjaldeyrismarkaðinn en var í fyrra og gengi íslensku krónunnar hefur haldist nokkuð stöðugt frá því í vor.

5.1 Vöruútflutningur

Fyrstu sjö mánuði ársins 2002 jókst vöruútflutningur um 11% í magni miðað við sama tímabil árið áður. Heildarverðmæti útflutningsvara jókst um 16% á sama tíma og munaði þar mest um sjávarafurðir, en verðmæti þeirra jókst um 17% og magnbreytingin nam um 9%. Einnig varð mikil aukning í útflutningi iðnaðarvara að frátöldum afurðum stóriðju. Stórfelld aukning varð í útflutningi lyfja, en einnig jókst útflutningur lækningatækja, ýmiss búnaðar til fiskveiða og rafeindavoga umtalsvert.


Ekki er gert ráð fyrir að útflutningur sjávarafurða aukist jafn mikið fyrir árið í heild og framangreindar tölur segja til um. Verfall sjómanna sem stóð í sex vikur vorið 2001 skekkir samanburð milli ára. Árið 2002 er því talið að útflutningsframleiðsla sjávarafurða aukist um 3%. Þetta kann þó að vera varkár spá. Gert er ráð fyrir að álframleiðsla aukist um 7% og framleiðsla járnblendiverksmiðjunnar um 1%.

Lyf voru flutt út fyrir um 3,5 milljarða króna fyrstu sjö mánuði ársins 2002 sem er svipuð fjárhæð og allt árið í fyrra. Þetta er um 3% af verðmæti alls vöruútflutnings þessa mánuði, sem er framhald þeirrar þróunar sem varð árið

2001, en þá tvöfaldaðist útflutningur lyfja frá árinu 2000. Í heild er útlit fyrir að útflutningur annarrar iðnaðarvöru aukist um 28% árið 2002.

Þegar tekið er tillit til birgðabreytinga og útflutnings á skipum og flugvélum er áætlað að vöruútflutningur aukist um 6½% að magni til á árinu 2002.

Mynd 8: Viðskiptajöfnuður 1995-2003, hlutfall af landsframleiðslu



Heimild: Hagstofa Íslands.

Árið 2003 er gert ráð fyrir áframhaldandi aukningu útflutnings þótt hún verði ekki eins mikil og á árunum 2001 og 2002. Áætlað er að magnaukningin verði um 2½% milli árunna 2002 og 2003. Framleiðsla sjávarafurða er talin aukast lítillega, eða um ½%, og tekur þessi spá í meginatriðum mið af úthlutun veiðiheimilda á nýbyrjuðu fiskveiðiári. Einnig þessi spá kann að vera í lægri kantinum. Ekki er gert ráð fyrir að framleiðsla járnblendis aukist, en aftur á móti er álframleiðsla talin aukast um 2%. Spáð

er áframhaldandi miklum vexti í öðrum útflutningi, eða sem nemur tæplega 10%.

5.2 Vöruinnflutningur

Á árinu 2001 minnkaði vöruinnflutningur í heild um 10% að magni til frá fyrra ári og hafði innflutningur þá ekki dregist saman í sjö ár samfellt, eða frá árinu 1994. Þessi þróun hefur haldið áfram það sem af er árinu 2002 og fyrstu sjö mánuði ársins dróst innflutningur saman um tæplega 4% frá sama tímabili árið 2001. Minni innflutningur fjárfestingarvara á stærstan þátt í þessum samdrætti. Sem dæmi má nefna að innflutningur flutningatækja til atvinnurekstrar minnkaði um fimmtung. Aftur á móti jókst innflutningur skipa um rösklega þriðjung. Samanlagt minnkaði innflutningur fjárfestingarvara um 15%.

Innflutningur neysluvara hefur einnig dregist saman, en þar vegur þyngst minni innflutningur bifreiða, varanlegra neysluvara, t.d. heimilistækja, og hálfvaranlegra neysluvara eins og t.d. fatnaðar. Innflutningur bifreiða minnkaði um 11% fyrstu sjö mánuði ársins frá sama tíma í fyrra, innflutningur varanlegra neysluvara um 9% og innflutningur hálfvaranlegra neysluvara um 10%. Aftur á móti hefur innflutningur á mat- og drykkjarvörum aukist um 7%. Innflutningur rekstrarvara hefur einnig aukist, eða um 4%.

Fyrir allt árið 2002 er gert ráð fyrir að vöruinnflutningur í heild dragist saman um 3¼%. Almennur vöruinnflutningur er talinn minnka um 2¼%, þar af er áætlað að innflutningur olíu aukist lítillega en að annar almennur innflutningur verði 2½% minni en í fyrra. Sérstakur innflutningur, svo sem skip, flugvélar og rekstrarvörur stóriðju, er talinn dragast saman um 8%.

Gert er ráð fyrir að innflutningur taki smám saman við sér á næstu mánuðum og á árinu 2003 er talið að vöruinnflutningur í heild aukist um 3¼% og gildir það jafnt um almennan sem sérstakan innflutning.

5.3 Þjónustujöfnuður

Stærstu liðir þjónustuviðskipta eru samgöngur og ferðaþjónusta. Viðskipti á þessu sviði hafa vaxið mikið undanfarin ár. Fram til ársins 2000 jukust þjónustuútgjöld meira en þjónustutekjur þannig að halli varð á þjónustujöfnuði sem náði hámarki árið 2000 þegar hann varð rúmlega 9 milljarðar króna. Á árinu 2001 snerist þessi þróun við og þjónustuútgjöld drógust saman en þjónustutekjur jukust. Þjónustujöfnuður varð þá jákvæður um rúma 2 milljarða króna. Fyrstu sex mánuði ársins 2002 hækkðu þjónustutekjur um 0,5% frá sama tíma í fyrra en þjónustuútgjöld lækkuðu um 3%, hvort tveggja miðað við fast gengi. Minni útgjöld má einkum rekja til samdráttar í útgjöldum vegna ferðalaga Íslendinga til útlanda, en sá liður hefur dregist saman um 15% milli þessara tímabila.

Á árinu 2002 er spáð 3% aukningu þjónustutekna og 1¼% lækkun útgjalda. Þjónustujöfnuðurinn mun því enn batna og spáð er rúmlega 9 milljarða króna afgangi fyrir árið í heild.

Árið 2003 er reiknað með að bæði tekjur og gjöld aukist, tekjurnar þó mun meira, eða um 5½%, en gjöldin um 1½%. Samkvæmt þessari spá vex afgangur á þjónustujöfnuði því enn og er talinn verða um 14 milljarðar króna.

5.4 Jöfnuður þáttatekna

Til þáttatekna og -gjalda teljast annars vegar launatekjur Íslendinga frá útlöndum, vextir og arður af eignum Íslendinga í útlöndum og hins vegar vaxtagreiðslur af erlendum skuldum, gjöld vegna arðgreiðslna af eignum útlendinga hérlendis og launatekjur erlendra einstaklinga hér á landi. Vaxtagreiðslur af erlendum skuldum Íslendinga vega langþyngst í jöfnuði þáttatekna og hefur hann því verið neikvæður um áratuga skeið og hallinn vaxið með auknum skuldum þjóðarbúsins. Fyrstu sex mánuði þessa árs lækkuðu hins vegar erlendar skuldir þjóðarbúsins auk þess sem vextir hafa lækkað á erlendum mörkuðum.

Jöfnuður þáttatekna fyrstu sex mánuði ársins 2002 var neikvæður um 11,3 milljarða króna samanborið við 16,5 milljarða halla sömu mánuði árið 2001. Þessi breyting stafaði bæði af vaxandi tekjum og lægri útgjöldum sem fyrst og fremst má rekja til ríflega fimmtungi lægri vaxtagreiðslna fyrstu sex mánuði þessa árs frá sama tíma í fyrra.

Fyrir árið í heild er spáð að jöfnuður þáttatekna verði neikvæður um 25 milljarða króna, samanborið við rúmlega 27 milljarða halla árið 2001. Hallinn er talinn aukast lítillega árið 2003 og nema um 27 milljörðum króna.

5.5 Viðskiptajöfnuður

Spáð er afgangi á viðskiptajöfnuði árið 2002, í fyrsta sinn síðan árið 1995. Það eru mikil tímamót. Eftir langvarandi tímabil viðskiptahalla snerist þróunin við á samdráttarárunum 1993-1995. Frá þeim tíma hefur verið vaxandi halli á viðskiptunum við útlönd í kjölfar mikillar efnahagsuppsveiflu sem náði hámarki árið 2000, en þá nam viðskiptahallinn rúmlega 10% af landsframleiðslu. Hallinn minnkaði hins vegar um meira en helming árið 2001 þegar þjóðarútgjöld tóku að dragast saman. Þessi þróun hefur haldið áfram á þessu ári og nú er spáð lítils háttar afgangi á viðskiptajöfnuði árið 2002. Þessi miklu

umskipti stafa fyrst og fremst af þeim viðsnúningi sem orðið hefur á vöruskiptajöfnuði, en gert er ráð fyrir tæplega 17 milljarða afgangi árið 2002. Staðan á þjónustujöfnuði hefur einnig breyst mikið og snúist úr tæplega 10 milljarða halla árið 2000 í rúmlega 9 milljarða króna afgang árið 2002.

Horfur eru á að lítils háttar viðskiptahalli geti myndast á nýjan leik árið 2003. Áfram er gert ráð fyrir verulegum afgangi á vöru- og þjónustujöfnuði, eða sem nemur um 27 milljörðum króna. Það svarar til meira en 3% af landsframleiðslu. Jöfnuður þáttatekna verður hins vegar áfram neikvæður og því er búist við lítils háttar viðskiptahalla árið 2003, eða sem nemur tæplega milljarði.

5.6 Erlend skulda staða þjóðarbúsins

Viðskiptahalli undanfarinna ára hefur leitt til vaxandi skuldsetningar í útlöndum. Þetta má fyrst og fremst rekja til skuldsetningar heimila og fyrirtækja þar sem skuldir opinberra aðila hafa minnkað. Sá viðsnúningur sem nú hefur orðið í utanríkisviðskiptum skilar sér í lækkun erlendra skulda. Samkvæmt þjóðhagsspánni er gert ráð fyrir að hreinar erlendar skuldir þjóðarbúsins lækki úr 103% af landsframleiðslu í 97% árið 2002 og 95% árið 2003.

6. Atvinnuvegir

6.1 Afkoma og framleiðsla

Talsverðar breytingar hafa orðið á rekstrarumhverfi fyrirtækja á síðastliðnum mánuðum. Þannig hafa verðbólga og vextir lækkað og krónan styrkst auk þess sem skattar á lögaðila hafa verið lækkaðir verulega. Allir þessir þættir hafa að öllu jöfnu jákvæð áhrif á rekstur fyrirtækja. Í því skyni að varpa ljósi á afkomu atvinnurekstrar það sem af er árinu 2002 hefur verið tekið saman yfirlit um afkomu 52 fyrirtækja sem eru skráð hjá Kauphöll Íslands. Þessi úttekt er ekki tæmandi þar sem ekki er fjallað um verðbréfasjóði og fyrirtæki sem hafa eingöngu fjárfestingu í verðbréfum að markmiði. Þá voru aðeins skoðuð fyrirtæki sem hafa almanaksárið að reikningsári. Þar sem reikningsskilavenjur banka og tryggingafélaga eru ekki þær sömu og annarra fyrirtækja er yfirlitið tvíþætt, annars vegar er fjallað um afkomu 6 fjármálafyrirtækja og hins vegar afkomu 46 annarra fyrirtækja á markaði. Þar sem skráð fyrirtæki hafa sameinast á árinu kann það að raska samanburði á milli ára og er ekki tekið tillit til þess í þessu yfirliti.

Afkoma framangreindra fyrirtækja er almennt góð. Af þessum 46 fyrirtækjum eru 44 fyrirtæki með betri afkomu á fyrstu sex mánuðum ársins 2002 miðað við sama tímabil árið 2001, en samanlagðar tekjur félaganna jukust um 17% á milli ára. Samanlagður hagnaður þeirra á fyrstu sex mánuðum ársins nam 24 milljörðum króna samanborið við 6 milljarða tap á sama tímabili árið 2001. Þennan bata má meðal annars rekja til gengisþróunar og þar af leiðandi bættra fjármagnsliða hjá fyrirtækjum sem skulda erlent lánsfé.

Iðnaður

Mikil tekjuaukning hefur verið hjá fyrirtækjum í iðnaði og framleiðslu eða um 36% á fyrstu

sex mánuðum ársins miðað við sama tímabil ársins 2001. Munar þar mest um kaup Bakka- varar hf á bresku matvælaframleiðslufyrirtæki. Mikill vöxtur hefur verið í lyfjageiranum á undanförunum árum en velta í greininni jókst um 40% á fyrri árshelmingi 2002 miðað við fyrri árshelming 2001. Vöxtinn má einkum rekja til aukins útflutnings en heildarverðmæti útfluttra lyfja á fyrstu sjö mánuðum ársins nam 3.550 milljónum króna samanborið við 849 milljónir á fyrstu sjö mánuðum ársins 2001. Afkoma iðnfyrirtækjanna batnaði mikið og er heildarhagnaður iðnfyrirtækjanna á fyrstu sex mánuðum ársins 5,1 milljarðar samanborið við 1,2 milljarða hagnað á sama tímabili árið 2001.

Sjávarútvegur

Rekstrarumhverfi íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja stjórnast af ýmsum ólíkum þáttum, svo sem olíuverði, afurðaverði og afla, auk þess sem það er næmt fyrir áhrifum gengisbreytinga þar sem tekjur og skuldir eru að stærstum hluta í erlendri mynt. Talsvert hefur verið um samruna fyrirtækja í sjávarútvegi á undanförunum árum og hefur þessi þróun haldið áfram á þessu ári.

Samkvæmt framangreindri athugun batnaði afkoma sjávarútvegsfyrirtækja verulega á fyrri hluta árs 2002. Á sama tíma í fyrra voru öll fyrirtækin nema eitt rekin með tapi, einkum vegna gengisbreytinga erlendra lána. Fyrstu sex mánuði árið 2002 var hagnaður fyrir skatta hjá öllum fyrirtækjunum og sem hlutfall af tekjum var hann 33%. Þar sem sjávarútvegurinn er frekar skuldsettur og skuldirnar að mestu í erlendri mynt hefur styrking krónunnar haft jákvæð áhrif á eiginfjárstöðu greinarinnar, þótt hækkun krónunnar komi niður á tekjuhlið fyrirtækjanna eins og annarra útflutningsfyrirtækja.

Tafla 5. Rekstraryfirlit 52 fyrirtækja sem skráð eru í Kauphöll Íslands fyrri hluta 2001 og 2002

	Fjöldi fyrirtækja	Rekstrar- tekjur, m.kr.	Hagnaður fyrir tekju- og eignarsk.		Veltufé frá rekstri		Handb. fé frá rekstri	
			m.kr.	% af tekjum	m.kr.	% af tekjum	m.kr.	% af tekjum
Sjávarútvegsfyrirtæki								
2002	14	33.244	10.955	33	6.968	21	7.912	24
2001	14	25.123	-3.409	-14	3.313	13	2.044	8
Sölusamtök sjávarafurða								
2002	2	57.326	539	1	766	1	-225	0
2001	2	56.230	545	1	876	2	230	0
Iðnfyrirtæki								
2002	14	41.139	5.592	14	4.338	11	4.077	10
2001	14	30.248	1.207	4	3.470	11	-320	-1
Upplýsingatækni								
2002	5	10.380	459	4	485	5	821	8
2001	5	7.244	-855	-12	-531	-7	52	1
Verslun og þjónusta								
2002	6	15.006	1.469	10	3.282	22	2.864	19
2001	6	13.894	455	3	2.489	18	245	2
Olúfélög								
2002	3	20.776	2.722	13	1.730	8	1.764	8
2001	3	21.030	-746	-4	1.557	7	-1.007	-5
Samgöngufyrirtæki....								
2002	2	8.375	1.945	7	2.500	9	4.855	17
2001	2	22.056	-3.653	-17	-720	-3	1.515	7
Fjármálafyrirtæki								
2002	6	56.609	6.029	11	-	-	9.406	17
2001	6	56.709	3.741	7	-	-	5.790	10
Samtals								
2002	52	262.854	29.709	11	20.068	8	31.473	12
2001	52	232.535	-2.716	-1	10.342	4	8.522	4
Samtals án fjármálafyrirtækja								
2002	46	206.245	23.680	11	20.068	10	22.067	11
2001	46	175.826	-6.457	-4	10.342	6	2.732	2

Samgöngur

Aðeins tvö samgöngufyrirtæki eru skráð í Kauphöll Íslands, þ.e. Eimskipafélag Íslands hf og Flugleiðir hf, en afkoma þeirra batnaði verulega milli ára. Þannig jókst velta fyrirtækjanna um 29% á milli fyrstu sex mánuði ársins 2002 miðað við sama tímabil ársins 2001. Þá breyttist 3,7 milljarða króna tap á fyrstu sex mánuðum ársins 2001 í tæpra tveggja

milljarða króna hagnað á sama tímabili á árinu 2002. Viðsnúning í rekstri hjá Flugleiðum hf má annars vegar rekja til rekstrarhagræðingar og hins vegar til bættra ytri skilyrða svo sem lækkaðs eldsneytisverðs og hagstæðrar gengisþróunar. Rekstrarbata Eimskipafélagsins má meðal annars rekja til gengishagnaðar, hagræðingar og gjaldskrárhækkana auk þess sem kaup

á Útgerðarfélagi Akureyringa hf skila sér í rekstri ársins 2002. Á móti hefur samdráttur í innflutningi komið niður á rekstri félagsins.

Aðrar greinar

Rekstrarskilyrði í hátækni- og upplýsingageira hafa verið tvísýn á árinu. Aftur á móti hefur velta í greininni aukist og afkoma fyrirtækjanna batnað. Hagnaður fyrir skatta á fyrstu sex mánuðum ársins 2002 nam um 460 milljónum samborið við 855 milljóna króna tap á sama tímabili á árinu 2001.

Samdráttur í einkaneyslu hefur haft áhrif á fyrirtæki í verslun og þjónustu, en samkvæmt þjóðhagsspá mun einkaneysla á árinu 2002 dragast saman um tæpt 1%. Velta fyrirtækja í greininni hefur lítið breyst milli ára en afkoman hins vegar batnað. Verslunin hefur notið góðs af hagstæðri gengisþróun og lækkandi innflutningsverði.

Gengisþróun hefur verið olúfölgunum hagstæð og er samanlagður hagnaður félaganna á fyrri helmingi ársins 2,7 milljarðar króna samborið við tæplega 750 m.kr. tap á sama tímabili árið 2001. Tekjur félaganna hafa hins vegar lítillaga dregist saman milli ára.

Heildarafkoma fjármálafyrirtækja hefur batnað mikið milli ára. Þó hefur afkoma tryggingarféлага versnað. Samanlagður hagnaður þeirra óx um 2,2 milljarða á fyrstu sex mánuðum 2002 samborið við fyrstu sex mánuði ársins 2001.

Afli

Heildarafli íslenskra skipa fyrstu átta mánuði ársins 2002 var um 1.750 þúsund tonn en var 1.578 þúsund tonn árið áður. Þar af er um 126 þúsund tonna aukning í loðnuafli, eða 14%. Karfaafli hefur aukist um tæplega 16 þúsund tonn, eða um 46%, og síldarafli um 49 þúsund tonn, eða 57%. Sex vikna verkfall sjó-

manna á vormánuðum árið 2001 veldur því hins vegar að samanburður milli þessara tímabila er ekki marktækur. Meðal annars náðist ekki að veiða nema tæp 60% af aflaheimildum í norsk-íslensku síldinni og karfi veiddist síðar á árinu en venja er. Flutningur á aflamarki þorsks milli fiskveiðiára var einnig mun meiri í fyrra en á þessu ári og þær skerðingar sem urðu á aflamarki þorsks á síðasta fiskveiðiári komu því ekki af fullum þunga það ár.

Aflaheimildir fyrir nýhafið fiskveiðiár fela í sér tæplega 6% minni þorskafla en á síðasta fiskveiðiári. Aflaheimildir dragast einnig saman í karfa en eru þriðjungur meiri í ýsu. Fyrir botnfiskveiðar í heild dragast heimildir saman um tæplega 1%. Aflaheimildir í grálúðu aukast um 15% og um 12% í flatfiski. Heimildir til veiða á síld dragast saman um 16% en aukast í rækju, hörpudiski og humar um nær þriðjung. Í þorskígildum talið aukast aflaheimildir um 1½% milli fiskveiðiaranna og er þá miðað við upphafsúthlutun í rækju bæði árin. Loðna er þar ekki talin með.

Heimilt er að veiða 132 þúsund tonn af norsk-íslensku síldinni árið 2002, þar af eru um 126 þúsund tonn í íslenskrum landhelgi. Í september 2002 var búið að veiða 123 þúsund tonn á Íslandsmiðum en aðalveiðitímabil síldarinnar hér við land var þá að baki. Heimilt er að veiða tæplega 6 þúsund tonn í norskrum landhelgi og verða þau væntanlega veidd nú á haustmánuðum. Kolmunnaveiðar eru nú í fyrsta skipti háðar veiðiheimildum og er leyfilegur heildarafli 282 þúsund tonn árið 2002. Fyrstu átta mánuði ársins veiddust 76% aflans. Kolmunnaafli árið 2001 var 365 þúsund tonn. Samkvæmt rannsóknum Hafrannsóknarstofnunarinnar er útlit fyrir óbreyttan loðnuafli. Meginuppistaðan í uppsjávarveiðum Íslendinga síðasta fjórðung ársins 2002 verður því loðna og síld, en síldarvertið hefst á haustmánuðum.

Tafla 6: Aflaheimildir fiskveiðiárin 2001/02 og 2002/03 og heildarafli íslenskra skipa janúar-ágúst 2001 og 2002, þúsundir tonna

	2001 / 2002	2002 / 2003	Breyting frá fyrra ári, %	Janúar - ágúst			
				2001	2002	Breyting milli 2001 og 2002, %	
Þorskur	190,0	179,0	-5,8	Heildarafli	1.578	1.752	11,0
Ýsa	41,0	55,0	34,1	Botnfiskafli	298	309	3,6
Ufsi	37,0	37,0	0	Þorskur	161	145	-10,2
Karfi	65,0	60,0	-7,7	Ýsa	25	27	6,9
Grálúða	20,0	23,0	15,0	Ufsi	20	25	21,6
Skarkoli	5,0	5,0	0	Karfi	34	50	46,1
Steinbítur	16,1	16	-0,6	Annar			
				botnfiskur ...	58	64	9,1
Langlúra	1,4	1,5	11,1	Flatfiskur	23	25	8,1
Sandkoli	3,0	4,0	33,3	Síld	86	135	56,5
Skráplúra	5,0	5,0	0	Loðna	908	1.034	13,9
Þykkvalúra	1,4	1,6	14,3	Kolmunnur	235	213	-9,1
Keila	4,5	3,5	-22,2	Skel-og			
				krabbadýr	28	37	32,6
Langa	3,0	3,0	0				
Skötuselur	1,5	1,5	0				
Síld	125,0	105,0	-16,0				
Rækja*	18,4	24,7	34,2				
Humar	1,5	1,6	6,7				
Hörpudiskur	6,5	4,2	-36,2				

* Miðað er við upphafsúthlutun í rækjuafli.

Útflutningur sjávarafurða

Fyrstu sjö mánuði ársins 2002 var verðmæti útfluttra sjávarafurða 78 milljarðar króna og hafði aukist um 17% frá fyrra ári. Verðlag sjávarafurða hækkaði um tæplega 8% og magnaukningin nam því tæplega 9%. Útflutningur landfrystra afurða jókst um 8½% en útflutningur sjófrystra afurða um 44%. Þessi mikli munur er vegna sjómannaverkfallsins vorið 2001 og skýrist einkum af minni útflutningi af sjófrystum karfa.

Útflutningur saltfisks dróst saman um 8½% fyrstu sjö mánuði ársins 2002 miðað við sama tíma árið 2001. Verð á saltfiski hækkaði mjög árið 2001 og náði hámarki á seinni hluta ársins. Verðið fór síðan lækkandi og hafði í júní sl. lækkað í íslenskum krónum um rúm 15% frá desember 2001. Verðið hækkaði örlítið í júlí en lækkaði aftur í ágúst og hefur ekki verið lægra

síðan um mitt ár 2000. Aðalsölutími saltfisks er á haustmánuðum og horfur á sölu eru ágætari þar sem verð hefur lækkað og birgðir hjá kaupendum eru litlar.

Mikil verðmætaaukning varð í útflutningsframleiðslu síldarafurða árið 2001. Meðalverð á hvert útflutt kíló nam 42 krónum árið 2000 en 68 krónum árið 2001. Verð á frystri síld var í desember 2001 um 80% hærra en í sama mánuði árið 2000 og verð saltsíldar var 45% hærra. Miðað er við verð afurða í íslenskum krónum og hefur lækkun krónunnar árið 2001 því áhrif. Verð á frystri síld hefur aðeins lækkað fyrstu mánuði ársins 2002 og var í ágúst 7½% lægra en í desember 2001. Verð á saltsíld hefur ekki lækkað þessa sömu mánuði. Horfur eru á að verð síldarafurða muni lækka þar sem birgðasöfnun í Evrópu er mikil. Einnig veldur styrking krónunnar verðlækkun.

Tafla 7: Breyting á verðmæti útfluttra sjávarafurða miðað við fast verðlag janúar - júlí 2001 og 2002, %

Landfyrsting	12,3
Sjófyrsting	49,4
Saltfiskur	-12,0
Nýr og ísaður fiskur.....	13,1
Skreiðarverkun.....	53,0
Síldarsöltun	80,4
Mjöl- og lýsisvinnsla	38,8
Aðrar afurðir	68,7
Alls	17,3

Í þjóðhagsspá er gert ráð fyrir að framleiðsla sjávarafurða aukist um 3% og að afurðaverð í erlendri mynt hækki um 4% milli árana 2001 og 2002. Áætlað er að framleiðslubreyting milli árana 2002 og 2003 verði óveruleg eða um ½%. Jafnframt er spáð 2% hækkun á mörkuðum erlendis fyrir íslenskar sjávarafurðir.

Stóriðja

Framleiðsla stóriðjunnar hefur gengið vel undanfarin ár og reiknað er með að nýja álverk-smiðjan í Hvalfirði skili fullum afköstum, þ.e. 90.000 tonnum, á árinu 2002. Gert er ráð fyrir að heildarframleiðsla áls á þessu ári aukist um tæplega 7%. Á árinu 2003 er reiknað með tæplega 2% aukningu álframleiðslu. Horfur eru á að álverð fari heldur hækkandi á næstu misserum og hafa batamerki þegar sést, þótt enn vanti nokkuð á að meðalverði undanfarinna þriggja ára verði náð.


Ferðaþjónusta

Fyrstu sex mánuði ársins 2002 fækkaði gistinguóttum útlendinga um 1,6% frá sama tíma í fyrra. Frá þeim tíma tók ferðamönnum hins vegar að fjölga á ný og nokkur bjartsýni virðist ríkja innan greinarinnar. Afkastageta gistirýmis á háannatíma hefur verið flöskuháls á fjölgun ferðamanna, en þegar nýting hótelryma er komin um og yfir 90% eins og verið hefur yfir sumarmánuðina er ljóst að mörgum ferðamanninum er vísað frá. Verið er að fjölga hótélherbergjum í Reykjavík og á næstunni bætast við um 200 herbergi sem er um 15% aukning á gistirými á svæðinu.

6.2 Fjárfesting atvinnuveganna

Töluverðar sveiflur hafa verið í fjárfestingu atvinnuveganna á umliðnum árum, öfugt við það sem á við um íbúðabyggingar eða fjárfestingu hins opinbera. Þannig óx fjárfesting á árinu 2000 um 14,9% að magni frá fyrra ári en dróst saman um 9,3% á árinu 2001. Gert er ráð fyrir að framhald verði á samdrættinum og að á árinu 2002 verði hann um 21%. Sem hlutfall af landsframleiðslu var fjárfesting atvinnuveganna 13,9% á árinu 2001 en gert er ráð fyrir að þetta hlutfall verði aðeins um 10½% á árinu 2002.

Mynd 9: Fjármunamyndun sem hlutfall af landsframleiðslu



Heimild: Hagstofa Íslands.

Þótt reiknað sé með að verulega dragi úr fjárfestingu flestra atvinnugreina á árinu 2002 er samdrátturinn einna mestur í virkjunar- og stóriðjuframkvæmdum. Í málmíðnaði er spáð yfir 50% samdrætti frá fyrra ári. Skýrist hann meðal annars af því að á síðasta ári var lokið við stækkun Norðuráls á Grundartanga, en engar frekari framkvæmdir við stóriðju hafa átt sér stað á þessu ári. Fjárfestingar í rafveitum og raforkuverum hafa einnig dregist saman og er gert ráð fyrir 40% samdrætti milli árana 2001 og 2002. Þannig lauk Landsvirkjun við nokkrar stórar framkvæmdir á síðastliðnu ári, svo sem

Vatnsfellsvirkjun, en engar nýjar virkjanaframkvæmdir hafa hafist á árinu 2002. Þá gætir enn fremur samdráttar í fjárfestingu í fjarskiptaþjónustu og er talið að þar muni fjárfesting dragast saman um þriðjung að magni í ár eftir miklar fjárfestingar í þeirri grein síðastliðin ár.

Litlar breytingar eru á fjárfestingu í sjávarútvegi milli árana 2001 og 2002. Nokkur ný skip hafa komið til landsins auk þess sem gerðar hafa verið endurbætur á eldri skipum. Reiknað er með aukningu frá fyrra ári í fjárfestingu í samgöngum þar sem Flugleiðir hf tóku nýja vél í notkun á árinu auk þess sem von er á nýju skipi til olíudreifingar undir lok árs. Þá er gert ráð fyrir að fjárfesting í hótél- og veitingahúsa- rekstri aukist milli ára enda hefur verið talsvert

um nýbyggingar og stækkanir á hótélum bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni.


Útlit er fyrir að á árinu 2003 verði tveggja ára samdráttarskeiði í fjárfestingu atvinnuveganna lokið og að fjárfesting muni aukast um 3½% frá árinu 2002. Meginástæðu þessa viðsnúnings má rekja til breytts rekstrarumhverfis fyrirtækja, meðal annars vegna lækkunar á tekju- og eignaskatti lögaðila auk lækkunar vaxta og hagstæðrar gengisþróunar, en framangreindir þættir veita fyrirtækjum svigrúm til að fara út í frekari framkvæmdir. Rétt er að ítreka að í þessari spá er ekki gert ráð fyrir frekari stór- iðju- og virkjunarframkvæmdum en þegar hafa verið ákveðnar.

7. Íbúapróun og vinnumarkaður

7.1 Íbúapróun

Undanfarin ár hefur íbúapróun hér á landi ein-kennst af miklum aðflutningi erlendra ríkisborgara. Meðan mesta uppsveiflan ríkti var verulegt aðstreymi fólks hingað til lands aðallega frá löndum í Mið- og Austur-Evrópu og Austurlöndum fjær. Um mitt árið 2001 dró mjög úr þörf atvinnulífsins fyrir nýtt vinnuafli og þá minnkaði aðflutningurinn. Þó varð aðflutningur erlendra ríkisborgara til Íslands meiri árið 2001 en nokkru sinni fyrr, alls rúmlega 2.500 manns.

Mynd 10: Búferlaflutningar milli landa




Heimild: Hagstofa Íslands.

Fyrri helming ársins 2002 hefur dregið úr aðflutningi til landsins um 20% meðan brottflutningur hefur aukist um 7% miðað við fyrri hluta ársins 2001. Aðflutningur íslenskra ríkisborgara hefur enn dregist saman meðan brottflutningur hefur aukist. Aðflutningur erlendra ríkisborgara hefur dregist saman en brottflutningur ekki aukist tiltakanlega mikið. Nú er

átlað að brottfluttur íslenskir ríkisborgarar í ár verði um 1.100 fleiri en aðfluttir meðan gert er ráð fyrir því að erlendum ríkisborgurum fjölgi um 900. Samtals er þannig átlað að millilandaflutningar verði nokkurn veginn í jafnvægi árið 2002.

Undanfarin ár hefur náttúruleg fjölgun þjóðarinnar numið milli 0,8-1% á ári en frá 1997 hafa búferlaflutningar milli landa bætt umtalsverðu við það. Þannig fjölgaði þjóðinni um 1,1% árin 2001 en tæplega 1,6% árið 2000. Hver nýr árgangur sem fæðist er 4.200-4.500 einstaklingar og hefur svo verið um margra áratuga skeið. Nú deyja um 2.000 á ári hverju og því fjölga íbúum um 2.200-2.500 á ári án áhrifa búferlaflutninga. Fólki á vinnualdri fjölga hlutfallslega nokkuð meira en nemur mannfjöldabreytingunni í heild. Fjölgunin er 2.400-2.800 á ári, eða 1¼-1½% án áhrifa búferlaflutninga.


Mynd 11: Íbúapróun á höfuðborgarsvæðinu



Heimild: Hagstofa Íslands.

Á næsta ári má reikna með því að íbúum fjölgi um ¾% án áhrifa búferlaflutninga milli landa. Erfitt hefur reynst að spá um flutninga, jafnvel innan ársins. Fátt bendir þó til annars en að á árinu 2003 verði jafnvægi í flutningunum í samræmi við ástand í þjóðarbúskapnum að öðru leyti.

Mynd 12: Íbúapróun á landsbyggðinni



Heimild: Hagstofa Íslands

Það sem af er þessu ári hefur brottflutningur til útlanda aukist meira á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Þá hefur aðflutningur frá útlöndum dregist meira saman á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Búferlaflutningur út á land frá höfuðborgarsvæðinu hefur verið svipaður í ár og var í fyrra en enn dregur úr flutningum fólks frá landsbyggðinni. Spáð er að innanlandsflutningar bæti einungis 500 manns við íbúafjölda höfuðborgarsvæðisins í ár ef svo heldur sem horfir og yrði það lægri tala en sést hefur í áratug. Framvindan bendir til þess að höfuðborgarsvæðið tapi 300 manns til útlanda en að á landsbyggðinni verði milli-landaflutningar nokkurn veginn í jafnvægi.


Vegna aldursskiptingar þjóðarinnar má reikna með því að fólki á vinnualdri (16-74 ára) fjölgi heldur meira en þjóðinni í heild á árinu 2003 eða um 1%. Að sjálfsögðu hafa búferlaflutningar milli landa áhrif á þessa tölu. Gangi spáin

eftir fjölgar fólki á vinnualdri um 2.000 á árinu 2003 og verður hópurinn orðinn 205.000 í lok ársins.

7.2 Vinnumarkaður

Eftir mikið vaxtarskeið í atvinnu sem hafði staðið frá 1997 virðist svo sem breyting hafi orðið á í ár. Mismunandi þættir sem eru til skoðunar í vinnumarkaðsrannsóknnum Hagstofunnar benda til þess að á fyrri hluta ársins 2002 hafi vinnumagn dregist saman af mismunandi ástæðum.

Mynd 13: Atvinnuþátttaka




Heimild: Hagstofa Íslands.

Í fyrsta lagi hefur atvinnuþátttaka minnkað. Á undanförunum árum hefur hún verið mjög stöðug hjá stærstum hluta þátttakenda á vinnumarkaði en hefur þó vaxið hjá ungu fólki og minnkað nokkuð hjá þeim elstu. Á mynd 13 má sjá hvernig mæling Hagstofunnar í apríl 2002 sýnir verulega minnkun atvinnuþátttöku hjá yngsta hópnnum en þátttaka hans á vinnumarkaði hafði farið stöðugt vaxandi fram til ársins 2000. Á myndinni sést einnig hvernig atvinnuþátttaka elsta aldurshópsins sem mæling Hagstofunnar nær til hefur smám saman farið minnkandi. Á undanförunum árum hafa vinnumarkaðskannanir Hagstofunnar, sem fara fram tvisvar sinnum á ári, í apríl og nóvember, stundum gefið vísbendingar um töluverðar

breytingar sem svo hafa jafnast út þegar báðar mælingar ársins eru teknar saman. Þessi mæling ein og sér er því tæpast fullnægjandi vísbending um samdrátt á vinnumarkaði.

Fólki á vinnumarkaði hefur þannig fækkað eftir að hafa fjölgað á undanförunum árum. Þjóðinni hefur fjölgað og atvinnuþátttaka hefur farið vaxandi og því vart við öðru að búast. Heildarfjöldi starfandi í landinu hefur vaxið úr 137.000 í upphafi tíunda áratugarins í 159.000 árið 2001. Þetta er vöxtur um 1,5% á ári að meðaltali. Fjölgun kvenna á vinnumarkaði varð meiri en karla, 1,7% á móti 1,3% hjá körlum. Fjölgun starfandi á vinnumarkaði varð nær öll á höfuðborgarsvæðinu á þessu tímabili. Mæling Hagstofunnar í apríl 2002 sýnir 1,2% samdrátt í fjölda starfandi frá árinu 2001. Samdrátturinn er meiri hjá körlum en konum og er það í samræmi við lækkaða atvinnuþátttöku þeirra. Hann er allur á höfuðborgarsvæðinu því fjöldi starfandi á landsbyggðinni vex nokkuð.

Mynd 14: Meðalvinnutími á viku



Heimild: Hagstofa Íslands.


Önnur mæling á umsvif á vinnumarkaði er vinnutími. Á mynd 14 er sýndur meðalvinnutími þeirra sem voru við störf í vinnumarkaðsrannsóknunum Hagstofunnar. Meðalvinnutími kvenna hefur verið að aukast meðan vinnutími karla dróst nokkuð saman allt fram í síðustu

uppsveiflu. Hámarkinu var náð í fyrri mælingu ársins 2000 en síðan hefur vinnutími karla farið stöðugt minnkandi. Vinnutími kvenna hefur ekki breyst á sambærilegan hátt.

Í síðustu hagsveiflu kom hingað til lands allstór hópur fólks til þess að mæta umframeftirspurn eftir vinnuafli. Þetta fólk kom bæði frá löndum innan EES og utan en sá hópur þarf sem kunnugt er að fá hér atvinnuleyfi. Mun betri upplýsingar eru því til um síðarnefnda hópinn en þá sem hingað koma án sérstakra leyfa. Þeir geta auðveldlega komið og farið án þess að hafa nokkurn tímann í hyggju að setjast hér að.

Seint á árinu 2001 dró mjög úr veitingu atvinnuleyfa til fólks utan EES og síðastliðið vor voru þau nær engin. Síðan þá hefur á ný orðið aukning á veitingu atvinnuleyfa. Nokkuð stöðugur stígandi er í fjölda framlengdra atvinnuleyfa sem ber þess vitni að það fólk sem hingað kemur vill vera hér til frambúðar. Nú ber einnig meira á því en áður að fólk sækir um atvinnuleyfi sem á skyldmenni hér á landi.

Mynd 15: Fjöldi atvinnuleyfa



Heimild: Vinnuálastofnun.


Atvinnuleysi

Atvinnuleysi hefur verið meira á yfirstandandi ári en næstu ár á undan. Það tók að aukast umfram þá árstíðasveiflu sem venjulega er seint

á árinu 2001 og jókst stöðugt fram í mars 2002 þegar það nam 2,7% af áætluðum mannafla. Síðan þá hefur atvinnuleysi farið minnkandi en þó er áætlað að það verði að meðaltali 2½% af mannafla í ár, samanborið við 1,4% árið 2001.

Atvinnuleysinu er misskipt milli landsvæða. Þannig hefur atvinnuleysi á landsbyggðinni stöðugt farið minnkandi frá því í janúar í ár á meðan atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu hefur verið nokkuð stöðugt og umtalsvert meira en á landsbyggðinni.

Mynd 16: Atvinnuleysi, hlutfall af mannafla



Heimild: Vinnuálastofnun.

Atvinnuleysi er einnig misskipt milli kynja. Atvinnuleysi í ágúst var 1,8% hjá körlum en 2,9% hjá konum. Hjá konum á höfuðborgarsvæðinu var það 3,4%. Segja má að megingíðningin í skráðu atvinnuleysi á árinu 2002 sé að eftir topp í janúar hafi atvinnuleysi farið

minnkandi hjá báðum kynjum á landsbyggðinni og einnig hjá körlum á höfuðborgarsvæðinu meðan það hefur farið stöðugt vaxandi hjá konum á höfuðborgarsvæðinu þar til í ágúst.


Í samanburði milli landa er miðað við mælingu á atvinnuleysi í vinnumarkaðskönnunum þar sem hægt er að beita stöðluðum aðferðum enda gilda afar mismunandi reglur um rétt á atvinnuleysisbótum og þær ráða miklu um það hvort fólk skráir sig atvinnulaust. Hagstofan mælir atvinnuleysi samkvæmt slíkum stöðlum, nú síðast í apríl. Þá reyndust rúmlega 4.000 manns skráðir atvinnulausir. Til viðbótar voru 2.400 manns atvinnulausir en ekki á skrá. Af skráðum atvinnulausum reyndist allstór hópur vera í vinnu (t.d. er hægt að vera á atvinnuleysisbótum að hluta og að hluta í vinnu) og annar hópur hafði ekki áhuga á starfi. Þessir hópar teljast ekki með samkvæmt hinum alþjóðlegu viðmiðunum. Hagstofan taldi því 5.300 manns atvinnulausa í apríl í ár eða 3,2% af mannafla en þá nam skráð atvinnuleysi 2,6% af mannafla.

Á undanförunum árum hefur atvinnuleysi verið mjög lítið hér á landi. Raunar er ekki hægt að tala um skort á atvinnu þegar þarf að sækja mörg þúsund manns frá útlöndum til að sinna þeim störfum sem í boði eru. Miklu frekar er um að ræða misvægi milli framboðs og eftirspurnar á tilteknum sviðum. Aukningin í ár var því að mörgu leyti táknræn fyrir þau skil sem urðu þegar síðasta hagvaxtarskeiði lauk. Nú virðist skráð atvinnuleysi vera að minnka á ný og í þeirri þjóðhagsspá sem hér er kynnt er reiknað með því að atvinnuleysi verði tæplega 2½% af mannafla árið 2003.

8. Verðlag

Verðbólga hefur lækkað hratt á þessu ári og hefur vísitala neysluverðs eingöngu hækkað um 0,6% það sem af er árinu. Gert er ráð fyrir að hækkinin innan ársins verði um 1½%. Til samamburðar má nefna að í fyrra hækkaði vísitala neysluverðs um 9,4% frá upphafi til loka ársins. Helsta skýring á lækkandi verðbólgu er viðsnúningur í gengisþróun krónunnar. Eftir töluverða gengislækkun í fyrra hefur krónan nú styrkst umtalsvert og kemur það fram í verðlagi á innfluttum vörum. Einnig hefur dregið úr framleiðsluspennu í hagkerfinu og launaskrið því minnkað. Á næsta ári er gert ráð fyrir um 2¼% verðbólgu jafnt innan ársins sem milli ársmeðaltala.

Mynd 17: Tólf mánaða hækkin einstakra flokka vöru og þjónustu 1998-2002



Heimild: Hagstofa Íslands.

Gengislækkun krónunnar frá mars til nóvember árið 2001 leiddi til verðhækkunar á innfluttum vörum. Í nóvember 2001 tók krónan að styrkj-

ast og í kjölfarið lækkaði verð á innfluttum vörum. Aðrir þættir urðu einnig til þess að draga úr verðhækkunum. Þar ber hæst samkomulag vinnuveitenda og aðila vinnumarkaðarins um að uppsagnarákvæði kjarasamninga kæmu ekki til framkvæmda ef vísitala neysluverðs yrði undir 222,5 stigum í maí 2002. Skemmst er frá því að segja að þetta markmið stóðst og samhliða hagstæðri gengisþróun hafa þessar aðgerðir orðið til þess að verðlag hefur hækkað lítið á þessu ári.

Þær verðhækkningar sem orðið hafa eru mestmegnis af innlendum toga. Skýrir þjónusta þar stærstan hluta en verðhækkningar á þjónustu á almennum markaði er sá liður sem hækkaði hvað mest í neysluverðsvísitölunni fyrri part ársins. Húsnæðisliður vísitölunnar hefur einnig hækkað sem endurspeglar mikil umsvif á fasteignamarkaði undanfarna mánuði. Á móti vegur lækkun á innfluttum vörum en verð á innfluttum matar- og drykkjarvörum hefur lækkað um tæp 10% frá síðustu áramótum. Afnám tolla á innflutt grænmeti hefur stutt þessa þróun. Verð á öðrum innfluttum vörum hefur einnig lækkað en þó ekki eins mikið og verð á innfluttri matvöru enda er veltan hvergi eins hröð og í þeim geira. Vera má að styrking krónunnar eigi eftir að skila sér að fullu í verði á innfluttri varanlegri vöru. Bensínverð lækkaði í byrjun ársins vegna gengishækkunar en hefur nú hækkað aftur þar sem heimsmarkaðsverð hefur verið að hækka.

Sem fyrr segir er gert ráð fyrir að verðbólga innan ársins 2002 verði um 1½%. Verðbólguþróunin næstu mánuði ræðst að talsverðu leyti af gengisþróuninni en eftir gengishækkun krónunnar fyrr á þessu ári hefur gengið lækkað lítil-

lega aftur á undanförunum vikum. Verðbólga í viðskiptalöndunum hefur minnkað og þarf því ekki að gera ráð fyrir erlendum kostnaðarhækkunum. Innlendar hækkunarir og þá sérstaklega launahækkunarir hafa einnig verið litlar að undanförunu samhliða minni framleiðsluspennu í hagkerfinu og slaki á vinnumarkaði gefur tilefni til að ætla að launahækkunarir og launaskrið verði áfram mjög lítið. Líklega mun árstíðabundið atvinnuleysi aukast aðeins á næstu mánuðum og því verður launaskrið líklega lítið sem ekkert það sem eftir er árs. Að lokum má nefna að samdráttur í einkaneyslu á þessu ári samhliða vaxandi greiðslubyrði íslenskra heimila hefur dregið mjög úr eftirspurnarþrýstingi á verðlag og er því enn takmarkað svigrúm til verðhækkana.

Tafla 8: Spá um ársbreytingar neysluverðs

	Breytingar, %	
	Milli ára	Innan árs
2002	4¾	1½
2003	2¼	2¼

Á næsta ári er spáð 2¼% verðbólgu jafnt innan ársins sem milli ársmeðaltala. Forsendur þessarar spár eru að gengisvísitala krónunnar verði um 130, þ.e. nánast óbreytt frá því sem nú er; að umsamdar launahækkunarir verði rúmlega 3½% og að launaskrið verði innan við 1%. Hækkun launa kemur til vegna kjarasambundinna launahækkana um áramótin en næsta samningalota hefst ekki fyrr en undir lok næsta árs. Reiknað er með að framleiðni muni aukast á ný samhliða auknum hagvexti og vaxi um tæplega 1% á næsta ári. Áfram er gert ráð fyrir nokkrum slaka í innlendra eftirspurn og háu aðhaldsstigi peningastefnu. Þessi spá miðast við að ekki verði farið í stóriðjuframkvæmdir á næsta ári.

Helstu óvissuþættir í verðbólguþáttum verða gengisþróun krónunnar, þróun fasteignaverðs, bensínverð sem ræðst að verulegu leyti af stöðu mála í Mið-Austurlöndum og víðar og óvissu um hvort af álversframkvæmdum verður sem gæti valdið framleiðsluspennu í hagkerfinu. Um gengi krónunnar var aðeins fjallað hér að framan en sem fyrr er erfitt að spá um gengisþróun og margir þættir sem geta haft áhrif þar á. Að öðru óbreyttu virðist útlitið hins vegar nokkuð gott þar sem viðskiptahalli er nánast horfinn. Fasteignaverð hefur hækkað töluvert að undanförunu, eftirspurn er enn mikil á fasteignamarkaði og útgáfa húsbrefa fer vaxandi. Íbúðamarkaður stýrist að miklu leyti af þróun kaupmáttar og þar sem fyrrsjáanlegt er að kaupmáttur muni fara vaxandi á næstunni getur þetta ferli haldið áfram. Bensínverð hefur hækkað að undanförunu en aukin framleiðsla Rússa gæti haft áhrif til lækkunar. Hins vegar hafa fréttir af hugsanlegum stríðsrekstri Bandaríkjanna gegn Írak þegar hækkað olíuverð og ef í hart fer á þeim slóðum gæti olíuverð hækkað enn frekar. Að lokum má nefna hugsanlegar álversframkvæmdir en ef af þeim verður getur framleiðsluspenna aukist í hagkerfinu sem aftur kæmi fram í meira launaskriði, herra íbúðarverði o.fl. sem gæti leitt til aukinnar verðbólgu til skamms tíma.

Tafla 9: Helstu forsendur verðbólguþáttar

	Breytingar milli ársmeðaltala, %	
	2002	2003
Innflutningsgengi	-2½	-1½
Framleiðni vinnuafli*	½	¾
Erlent verðlag	-1	2
Samningsbundin laun	4	3½

*Undirliggjandi framleiðnivöxtur.

9. Heimilin

9.1 Tekjur

Gildandi kjarasamningar almenna vinnumarkaðarins ná flestir til síðari hluta ársins 2003 eða fram á árið 2004 en endurskoðun með tilliti til verðlagsþróunar verður næst framkvæmd í febrúar 2003. Samkvæmt fyrirbyggjandi verðlagsspá er ekkert sem bendir til annars en að forsendur samninganna um minnkandi verðbólgu muni standast og að ekki muni koma til uppsagnar launaliðs þeirra.

Við sérstaka endurskoðun á kjarasamningum Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins í desember 2001 gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu um að leitað yrði allra leiða til að stemma stigu við verðbólgu og tryggja stöðugleika. Meðal annars var ákveðið að draga til baka ýmsar gjaldskrárhækkanir opinberra aðila. Einnig var af hálfu samningsaðila samið um viðbótarframlag atvinnurekenda í séreignarsjóð og að launahækkun 1. janúar 2003 skyldi verða 0,4% hærrí en áður hafði verið samið um. Eins og kunnugt er hélt “rauða strikið” og ekki kom til uppsagnar samninganna.

Launaþróun á þessu ári hefur að mestu verið í takt við áætlanir. Launavísitalan hækkaði um 9,6% frá upphafi til loka árs 2001 en það sem af er árinu 2002 hefur hún hækkað um 4,5%. Á sama tíma árið 2001 nam hækkunin 8%. Nú stefnir í að hækkun milli ársmeðaltala 2001 og 2002 geti orðið um 7% og hækkun frá upphafi til loka árs 2002 tæplega 5%. Munurinn stafar bæði af minni samningsbundnum hækkunum í ár en í fyrra og minna launaskriði. Gert er ráð fyrir að launabreyting á milli áruna 2001 og 2002 verði um 7½%. Í þeim útreikningi eru laun sjómanna meðtalin. Þau eru ekki talin með

í launavísitölu Hagstofunnar og hafa hækkað heldur meira en laun á almennum markaði.

Þrátt fyrir að laun hafi hækkað minna á þessu ári en í fyrra hefur kaupmáttur launa hækkað meira þar sem verðbólga hefur verið töluvert lægri í ár. Það sem af er þessu ári hefur kaupmáttur launa aukist um 3,6% en á sama tímabili í fyrra jókst kaupmáttur launa um 1,3%. Gera má ráð fyrir að kaupmáttur launa aukist um rúm 2% að meðaltali milli áruna 2001 og 2002.

Mynd 18: Kaupmáttur launa

Vísitala 1990=100



Heimild: Hagstofa Íslands.

Á árinu 2003 er gert ráð fyrir að heildarlaun hækki um 4½%. Kaupmáttur launa gæti því aukist um rúm 2% á næsta ári miðað við 2¼% verðbólgu. Ef þessi spá gengur eftir verður árið 2003 núnda árið í röð sem kaupmáttur launa eykst.

Bætur almannatrygginga

Í kjölfar endurskoðunar á almannatryggingakerfinu á árinu 2001 voru gerðar breytingar á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslegar bætur. Þessar breytingar tóku gildi 1. júlí 2001 og var lögð sérstök áhersla á að tryggja hag þeirra bótaþega sem höfðu lægstar bætur. Breytingarnar fólust fyrst og fremst í því að draga úr skerðingu bóta vegna annarra tekna og hækka sérstaka heimilisuppbót sem nú nefnist tekjutryggingarauki og rýmka skilyrðin fyrir honum. Áhrif þessara lagabreytinga eru nú komin fram af fullum þunga og hafa bætur almannatrygginga hækkað á árinu í kjölfarið. Sem fyrr gildir sú regla að greiðslur almannatrygginga skulu breytast í samræmi við launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysliverðs. Bætur almannatrygginga hækkuðu í samræmi við þetta um 8,5% 1. janúar 2002.


Greiðslur atvinnuleysisbóta hafa hækkað á þessu ári þar sem atvinnulausum hefur fjölgað. Árið 2001 mældist atvinnuleysi mjög lítið eða um 1,4% og atvinnuleysisbætur námu um 1,3 milljarði króna sem er svipuð fjárhæð og árið þar á undan. Í ár er hins vegar reiknað með að atvinnuleysi aukist um rúmt prósentustig og því má gera ráð fyrir að útgjöld til atvinnuleysisbóta aukist töluvert. Á árinu 2003 er gert ráð fyrir að dragi örlítið úr atvinnuleysi og að atvinnuleysisbætur nemi svipaðri upphæð og á þessu ári. Einnig má gera ráð fyrir að útgjöld vegna ýmissa félagslegra bóta aukist í takt við auknið atvinnuleysi.

Ráðstöfunartekjur

Ráðstöfunartekjur, þ.e. heildartekjur einstaklinga að meðtöldum bótum en að frátöldum beinum sköttum, hækkuðu um rétt rúm 9% í fyrra. Gert er ráð fyrir að hækkunin í ár verði um 6¼% og 4¼% árið 2003. Kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur hækkað hæggar en kaupmáttur launa á þessu ári þar sem atvinnuleysi hefur aukist, atvinnuþáttaka minnkað og vinnutími styst. Áætlað er að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann aukist um 1½% í ár og 2% á næsta ári.

Mynd 19: Kaupmáttur launa og bóta almannatrygginga

Vísitala 1990=100



Heimild: Hagstofa Íslands og Tryggingastofnun.


9.2 Eignir, skuldir og sparnaður

Á árunum 1996-2000 jókst einkaneysla hröðum skrefum í takt við uppsveifluna í efnahagslífinu. Þetta stafaði bæði af auknum ráðstöfunartekjum heimilanna, en einnig jukust skuldir heimilanna talsvert á þessu tímabili. Ýmsar orsakir lágu hér til grundvallar. Aðgangur heimilanna að lánsfé hefur orðið mun greiðari á undanförunum árum. Þá hafa lán til fasteignakaupa, bæði hjá Íbúðalánasjóði og öðrum fjármálastofnunum, orðið greiðari sem auðveldað hefur fasteignakaup en hefur hugsanlega haft einhver áhrif á verð til hækkunar. Á móti auknum skuldum hefur eignaaukning orðið mikil, þótt telja megi að hluti skuldaaukningarinnar hafi farið í að halda uppi hækkandi neyslustigi umfram hækkun ráðstöfunartekna. Reyndar hafa skuldir heimila sem hlutfall af ráðstöfunartekjum farið hækkandi. Árið 2001 voru þær taldar nema um 170% af ráðstöfunartekjum og hafði það hlutfall tvöfaldast á áratug.

Þegar dró úr uppsveiflu efnahagslífsins árið 2001 fór þess að gæta að heimilin drægju úr lántökum sínum. Þetta verður að skoða sem eðlileg viðbrögð við breyttu efnahagsástandi.

Tölur um sparnað heimila eru nokkuð óvissar en betri upplýsingar eru til um skuldir heimila við lánakerfið. Fjárfestingar heimila í íbúðum eru taldar með til þjóðarauðs í þjóðhagsreikningum. Eign heimila á skuldabréfum, hlutabréfum og öðrum eignum en í lífeyrissjóðum er meiri óvissu háð. Því gefur meðfylgjandi mynd aðeins vísbendingu um hvert eignir og skuldir landsmanna stefna.

Mynd 20: Eignir og skuldir heimila



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Myndin sýnir skulda- og eignaaukningu (eignir án lífeyrissjóða) heimilanna frá því árið 1995. Tölurnar eru á föstu verðlagi ársins 2002. Eins og sést á myndinni jukust skuldir töluvert hraðar en eignir á árunum frá 1998 til 2001. Á þessu tímabili jukust skuldir að meðaltali um tæplega 12% á ári á meðan eignir jukust að meðaltali um tæp 2%. Það sem af er þessu ári hefur hægt töluvert á bæði eigna- og skulda- aukningu og gert er ráð fyrir að eignir muni rýrna aðeins að verðgildi eða sem nemur tæplega ½% en skuldir aukast um 4%.


Þróun fjármagnsmarkaðar undanfarin ár hefur einkum gengið í þá átt að skapa einstaklingum aðstæður til aukins peningalegs sparnaðar. Markaðsvirði hlutabréfa á markaði fór hraðvaxandi allt til fyrri hluta ársins 2000, en eftir það kom mikill afturkippur. Það breytir ekki því að

fjárhagssparnaður heimilanna er orðinn verulegur hluti af heildarsparnaði þeirra.

9.3 Einkaneysla

Þrátt fyrir áframhaldandi aukningu kaupmáttar ráðstöfunartekna á þessu ári bendir flest til þess að einkaneysla dragist saman annað árið í röð. Samdráttur var síðustu þrjá ársfjórðunga árið 2001 og fyrsta ársfjórðung 2002 eins og mynd 21 sýnir. Samdrátturinn verður þó mun minni en í fyrra og horfur á að einkaneysla taki að vaxa á ný á síðustu mánuðum ársins 2002. Samdráttur í einkaneyslu má að miklu leyti rekja til áhrifa mikillar skuldsetningar heimila undanfarin ár. Aukin greiðslubyrði heimila leiðir til aukins sparnaðar og dregur um leið úr vexti einkaneyslu. Einnig eru vísbendingar um að mikill kostnaður við sérstök neyslulán sé farinn að draga úr vilja heimila til að fjármagna neyslu með dýrum skammtímalánum.

Mynd 21: Ársfjórðungsleg þróun einkaneyslu, m.v. 12 mánaða breytingar



Heimild: Hagstofa Íslands.

Tölur um virðisaukaskattsveltu í einkaneyslutengdum atvinnugreinum fyrstu sex mánuði ársins benda til minnkandi samdráttar í einkaneyslu. Veltan óx um 0,7% fyrstu sex mánuði 2002 frá fyrra ári en ef kaup á bílum eru tekin út úr er um 2,2% aukningu að ræða á milli ára. Samdráttur í innkaupum á bílum og varan-

legum neysluvörum skýrir því áætlaðan samdrátt í einkaneyslu að verulegu leyti. Innflutningur á neysluvörum á tímabilinu janúar til júlí 2002 sýnir 4% magnsamdrátt frá árinu 2001. Þar ber helst að nefna tæplega 11% samdrátt í innflutningi á bifreiðum, en ef þeim er sleppt nemur samdrátturinn aðeins um 2½%. Innflutningur á varanlegum neysluvörum svo sem heimilistækjum hefur dregist saman um 9% en innflutningur á hálfvaranlegum neysluvörum svo sem fatnaði hefur dregist saman um 10%. Kaup á matar- og drykkjarvörum jukust hins vegar um 7% á milli ára.

Samdráttur í notkun kreditkorta hefur verið töluverður fyrstu sjö mánuði ársins 2002 eða 6½%, þar af 5% innanlands. Samdrátturinn var töluvert meiri þegar litið er út fyrir landsteinana eða 18%. Það er í samræmi við tölur úr greiðslujöfnuði sem sýna að útgjöld Íslendinga í útlöndum hafa dregist saman um 15% á milli ára fyrstu sex mánuði ársins. Notkun debetkorta hefur dregist minna saman fyrstu sjö mánuði ársins en notkun kreditkorta eða um 2%. Debetkortanotkun Íslendinga í útlöndum hefur aukist um 2% á milli ára, en hún er hlutfallslega mjög lítil.

Árið 2003 er gert ráð fyrir að einkaneysla aukist á ný, eða um 1¼% frá árinu 2002. Áfram er þó gengið út frá því að skulðsetning heimilanna setji strik í reikninginn enda eykst kaupmáttur ráðstöfunartekna mun meira en sem nemur aukningu einkaneyslu. Samkvæmt þessari spá er því talið að sparnaður haldi áfram að aukast, þriðja árið í röð, eins og sést best af því að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann er talinn aukast um rúmlega 5% frá árinu 2000-2003 á sama tíma og einkaneysla á mann dregst saman um 5%. Þessi þróun hefur stuðlað að auknu jafnvægi í viðskiptum gagnvart útlöndum og þar með þjóðarbúskapnum í heild.


9.4 Íbúðarhúsnæði og fasteignamarkaður

Heldur hefur dregið úr þenslunni í íbúðarbyggingum á yfirstandandi ári eftir mikla uppsveiflu undanfarin tvö ár. Áætlað er að fjárfesting í

íbúðabyggingum verði óbreytt frá fyrra ári. Spá fyrir árið 2003 gerir ráð fyrir að íbúðafjárfesting dragist heldur saman frá árinu 2002, þótt fjöldi íbúða sem lokið verður við verði álíka. Þess ber að geta að íbúðarbyggingarstarfsemi verður áfram mun meiri en á undanförunum árum.

Mynd 22: Þróun fermetraverðs íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu á föstu verði

Vísitala: janúar 1996=100



Heimild: Fasteignamat ríkisins.


Ástæðurnar fyrir þessari þróun eru margvíslegar. Uppsveiflan í efnahagslífinu ásamt miklum aðflutningi fólks af landsbyggðinni og frá útlöndum skapaði mikla spennu á íbúðamarkaðinum á höfuðborgarsvæðinu. Verðlag fasteigna fór þar hraðhækkandi þar sem framboð á nýju húsnæði nægði hvergi nærri til að mæta aukinni eftirspurn. Á þessu ári virðist nokkuð jafnvægi hafa komist á fasteignamarkaðinn á höfuðborgarsvæðinu og verðlag fasteigna verið tiltölulega stöðugt það sem af þessu ári. Svo virðist sem vöxturinn í íbúðabyggingum sé um garð genginn að sinni.

Heildstæðar tölur um umfang íbúðabygginga eru ekki fyrir hendi fyrir árið 2002. Þó eru skýr merki um að dregið hafi úr vexti íbúðabygginga frá fyrra ári. Nokkrir orsakafættir koma þar til. Á höfuðborgarsvæðinu er verið að ljúka

byggingu í nýjum hverfum. Nýjar framkvæmdir eru í burðarliðnum í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði, en ný byggingarstarfsemi í þeim hverfum mun ekki fara af stað að marki fyrr en 2003. Því hefur myndast nokkurt hlé í byggingu íbúða á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2002. Upplýsingar um byggingarstarfsemi á landsbyggðinni á árinu 2002 benda til þess að heldur sé að draga úr og ekki að vænta aukningar á árinu 2003.

Lánastarfsemi Íbúðalánasjóðs gefur nokkuð skýrar vísbendingar um hvert íbúðabyggingar eru að stefna. Fyrstu sjö mánuði ársins 2002 nam fjöldi umsókna vegna nýbygginga íbúða rúmlega 1.000 sem er svipaður fjöldi og á sama tímabili 2001. Hámarksfjárhæð íbúðalána var hins vegar hækkuð um 20% um mitt ár 2001, þannig að heildarfjárhæð útgefina húsbrefa til nýbygginga var 19% hærri á fyrstu sjö mánuðum 2002 en á sama tímabili fyrir ári. Í áætlunum Íbúðalánasjóðs er gert ráð fyrir nokkuð jöfnum hraða umsókna til nýbygginga það sem eftir er af árinu 2002 en að heldur dragi úr þeim framan af árinu 2003.

Mynd 23: Íbúðarbyggingar



Heimild: Fasteignamat ríkisins

Í endurskoðaðri áætlun Íbúðalánasjóðs á miðju ári 2002 er gert ráð fyrir að útgáfa húsbrefa nemi um 2 milljörðum króna meira en áætlað var í fjárlögum ársins, en á móti er talið að útgáfa húsnæðisbrefa verði minni sem nemur álíka fjárhæð.

10. Búskapur hins opinbera

10.1 Fjármál ríkissjóðs

Fjárlög ársins 2002 voru afgreidd með 18,5 milljarða króna tekjuafgangi. Heildartekjur voru áætlaðar 257,9 milljarðar og útgjöld 239,4 milljarðar. Lánsfjárafgangur var áætlaður 40,2 milljarðar, þar af voru 20 milljarðar vegna eignasölu frá árinu 2001 en 20 milljarðar frá eignasölu 2002.

Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir að tekjuafgangur verði 17,2 milljarðar króna, eða 1,3 milljörðum lægri en í fjárlögum. Heildartekjur ríkissjóðs eru áætlaðar 263,6 milljarðar, 5,7 milljörðum hærri en á fjárlögum. Þessa hækkun má fyrst og fremst rekja til aukinnar innheimtu tekjuskatta af einstaklingum og fyrirtækjum, auk tryggingagjalds. Virðisaukaskattur er hins vegar í takt við áætlanir fjárlaga og sama er að segja um aðra veltuskatta þegar á heildina er litið.

Heildarútgjöld ríkissjóðs eru talin verða 7 milljörðum hærri en á fjárlögum, eða 246,3 milljarðar króna árið 2002. Um helmingur fráviksins stafar af umframútgjöldum sjúkrahúsa, hjúkrunarheimila og sjúkratrygginga. Aðrir þættir skýrast einkum af kjarasamningum og tengdum aðgerðum, auknu atvinnuleysi og endurmati á framlögum í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Meiri breytingar verða á lánsfjárafgangi þar sem ekki varð af sölu á hlut ríkisins í Lands símanum á síðasta ári, en gert var ráð fyrir að 21½ milljarður af þeirri eignasölu kæmi til greiðslu á árinu 2002 og minnkar lánsfjárafgangur sem því nemur. Handbært fé frá rekstri verður tæplega 3 milljörðum minna en gert var ráð fyrir sem skýrist af innlausn spariskírteina fyrir gjalddaga.

Í fjárlagafrumvarpi ársins 2003 er gert ráð fyrir að tekjuafgangur ríkissjóðs verði 10,7 milljarðar króna, eða 6½ milljarði lægri en í endurskoðaðri áætlun fyrir yfirstandandi ár. Þar kemur tvennt til: Í fyrsta lagi verður hagnaður af sölu eigna 7 milljörðum lægri á næsta ári en ráð var fyrir gert í fjárlögum þessa árs og í öðru lagi lækka skatttekjur ríkissjóðs um 4 milljarða vegna sérstakra aðgerða í skattamálum.

Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 2003 tekur mið af þeirri meginniðurstöðu þjóðhagsspár að efnahagslífið sé smám saman að taka við sér eftir veika niðursveiflu og að hagvöxtur muni aukast á nýjan leik á næsta ári. Skatttekjur eru taldar aukast um 5,3 milljarða og nema 232,5 milljörðum króna. Hækkun skatttekna milli ára má meðal annars rekja til aukinnar innheimtu tekjuskatts einstaklinga og hækkunar tryggingagjalds. Á móti vegur meira en helmingis lækkun eignarskatts einstaklinga og fyrirtækja og lækkun tekjuskatts lögaðila. Einnig er miðað við að tekjur ríkisins af sölu eigna verði nokkru minni en á árinu 2002.


Heildargjöld ríkissjóðs árið 2003 eru áætluð 253,3 milljarðar króna og hækka um 7 milljarða frá endurskoðaðri áætlun þessa árs, eða um tæplega 3%, og standa því í stað að raungildi á milli ára. Hlutfall útgjalda ríkissjóðs af landsframleiðslu lækkar um 0,3% frá árinu 2002 og 0,7% frá niðurstöðu ríkisreiknings 2001. Almennur rekstrarkostnaður eykst lítillega að raungildi, eða um ½%, fjárfesting og viðhald haldast óbreytt, vaxtagjöld lækka, en neyslu- og rekstrartilfærslur aukast.

10.2 Fjármál sveitarfélaga

Halli hefur verið á rekstri sveitarfélaga um nokkurt árabíl. Samkvæmt bráðabirgðatölum

Hagstofunnar nam hallinn 2,9 milljörðum króna árið 2001, eða sem svarar til 3,7% af heildartekjum. Heildartekjur sveitarfélaganna jukust umtalsvert, eða um liðlega 7½% á sama tíma og útgjöld jukust um 8%, hvort tveggja að raungildi. Auknar tekjur skýrast einkum af hækkun útsvarshlutfalls, en á útgjaldahlið mun- aði mestu um aukin samneysluútgjöld auk þess sem útgjöld til fjárfestinga jukust umtalsvert.

Mynd 24: Afkoma hins opinbera, % af landsframleiðslu



Heimild: Hagstofa Íslands.

Framreikningur á grundvelli fjárhagsáætlana stærstu sveitarfélaganna bendir til þess að sam- neysla hafi aukist um tæplega 3% á árinu 2002. Fjárfesting er hins vegar talin hafa dregist saman. Heildartekjur eru taldar hækka heldur meira en útgjöld og því er áætlað að hallinn á árinu 2002 verði nokkru minni en árið 2001, eða um 1½ milljarður króna.


Gert er ráð fyrir heldur minni aukningu sam- neyslu á árinu 2003, eða sem nemur 1½%. Fyrirliggjandi fjárhagsáætlanir benda enn fremur til þess að fjárfestingar sveitarfélaga dragist saman á næsta ári. Nokkur óvissa ríkir um tekjuhorfur sveitarfélaga á næsta ári, meðal annars um hvort sveitarfélög nýta sér heimildir til hækkunar útsvars eða ekki. Að svo stöddu er gengið út frá óbreyttu útsvarshlutfalli. Engu að

síður er talið að tekjuhalli sveitarfélaga á árinu 2003 haldi áfram að lækka og verði um milljarður.

10.3 Fjármál hins opinbera

Hér á eftir er gerð grein fyrir afkomu hins opinbera, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, samkvæmt þjóðhagsreikningastaðli Sameinuðu þjóðanna. Helstu frávík frá uppgjöri ríkisreiknings eru að hagnaður af sölu eignarhluta ríkisins í félögum og sérstakt endurmat á virði ríkisfyrirtækja er ekki fært til tekna í þjóðhagsreikningum. Þá eru afskrifaðar skattkröfur ekki gjaldfærðar og ein- ungis þær lífeyrisskuldbindingar sem tengjast launagreiðslum ársins eru gjaldfærðar.

Mynd 25: Skuldir hins opinbera



Samkvæmt þjóðhagsreikningauppgjöri er tekju- afgangur hins opinbera árið 2002 áætlaður rétt um 2 milljarðar króna, eða sem svarar til tæp- lega ½% af landsframleiðslu. Þetta er svipað og árið 2001, en þá svaraði tekjuafgangurinn til ½% af landsframleiðslu, og mun lægra en árin 1999 og 2000 eins og fram kemur á mynd 24. Afkoman hefur hins vegar batnað verulega frá því sem áður var. Tekjuafgangurinn verður heldur minni samkvæmt þessum áætlunum árið 2003, eða um 1½ milljarður króna. Batnandi afkoma hins opinbera stafar alfarið af betri stöðu ríkisfjármála. Afkoma sveitarfélaga hefur hins vegar verið neikvæð mörg undanfarin ár.

Samneysla hins opinbera er talin munu aukast um 2¾% að raungildi árið 2002 og er aukningin svipuð hjá ríki og sveitarfélögum. Árið 2003 er hins vegar gert ráð fyrir mun minni vexti, eða um 1%. Þessi áætlun tekur mið af áformum fjárlagafrumvarps um ½% samneyslúvöxt. Samneysla sveitarfélaga er hins vegar talin aukast heldur meira sem fyrr segir.

Nokkrar sviptingar hafa verið í skuldastöðu ríkis og sveitarfélaga að undanfögnu sem að

hluta má rekja til gengisbreytinga en einnig til sveiflna í afkomu. Jákvæð afkoma ríkissjóðs undanfarin ár hefur gengið til þess að lækka skuldir eins og fram kemur á mynd 25. Þannig hefur hrein skuldastaða ríkissjóðs nær helmingast frá árinu 1996, eða úr 34½% af landsframleiðslu í 19% samkvæmt áætlun fyrir árið 2002 og 18½% samkvæmt áætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 2003. Þessi þróun endurspeglast í skuldastöðu hins opinbera á þessu tímabili.

Töfluviðauki

Tafla 1. Þjóðhagsyfirlit 2000-2003

	Milljarðar króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári % ¹⁾			
	Bráðab.		Áætlun		Bráðab.		Áætlun	
	2000	2001	2002	2003	2000	2001	2002	2003
1. Einkaneysla	389,6	408,4	423,6	439,5	4,0	-3,0	-1	1¼
2. Samneysla	156,7	175,5	188,9	196,1	3,7	3,2	2¾	1
3. Fjármunamyndun	156,5	166,2	148,6	154,2	14,8	-4,4	-14¾	1¾
Atvinnuvegafjárfesting	101,0	103,3	82,2	86,9	14,9	-9,3	-20¾	3½
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	25,5	30,5	33,0	33,0	10,5	12,9	-¼	-2
Fjárfesting hins opinbera	30,0	32,3	33,4	34,3	18,1	-0,7	-7	½
4. Neysla og fjárfesting alls	702,8	750,1	761,1	789,8	6,2	-2,2	-3¼	1½
5. Birgðabreytingar ²⁾	2,5	-2,1	-0,2	0	0,4	-0,8	¼	0
6. Þjóðarútgjöld, alls	705,3	748,0	760,9	789,8	6,7	-3,0	-3	1½
7. Útflutningur vöru og þjónustu	231,6	303,4	318,4	329,4	5,0	7,8	5¼	3½
8. Innflutningur vöru og þjónustu	278,6	307,3	292,4	303	8,0	-9,0	-2¾	3
9. Verg landsframleiðsla	658,3	744,2	786,9	816,6	5,5	3,6	0	1½
10. Jöfnuður þáttatekna	-20,2	-27,4	-24,9	-27,0	-	-	-	-
11. Rekstrarframlög	-0,8	-1,0	-0,7	-0,8	-	-	-	-
12. Viðskiptajöfnuður (7.-8.+10.+11.)	-68,0	-32,2	0,4	-1	-	-	-	-
13. Vergar þjóðartekjur (9.+10.)	638,1	716,8	762,0	789,6	4,6	3,0	½	1½
14. Viðskiptakjaraáhrif ³⁾	-	-	-	-	-1,0	0,2	¾	-¼
15. Vergar þjóðartekjur með viðskiptakjaraáhrifum	-	-	-	-	3,5	3,1	1¼	1¼
16. Viðskiptajöfnuður sem % af VLF	-10,3	-4,3	0	0	-	-	-	-

Skýringar:

¹⁾ Magnbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1990.

²⁾ Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutfall af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.

³⁾ Hlutfall af vergum þjóðartekjum fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.

Tafla 2. Utanríkisviðskipti 2000-2003

	Milljarðar króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári % ¹⁾			
	Bráðab.		Áætl.		Bráðab.		Áætl.	
	2000	2001	2002	2003	2000	2001	2002	2003
Útflutningsframleiðsla								
Sjávarafurðir	94,5	121,8	127,3	128,6	-3,1	3,4	3	½
Ál	30,2	37,3	36,9	37,8	8,8	7,5	7	2
Kísiljárn	3,9	5,0	5,0	5,0	41,7	12,9	1	0
Annað	20,2	26,8	37,1	38,8	34,6	4,3	28	9¾
Samtals	148,8	191,0	206,3	210,3	4,7	4,7	7¼	2½
Útflutt skip og flugvélar	3,0	3,3	1,0	1,3	-	-	-	-
Breyting útflutningsvörubirgða	2,5	-2,1	-0,2	0,0	-	-	-	-
Vöruútflutningur alls	149,3	196,4	207,5	211,6	-1,3	7,1	6½	2½
Vöruinnflutningur alls	186,8	202,5	190,8	198,8	2,8	-10,0	-3¼	3¾
Almennur vöruinnflutningur	160,0	170,2	163,1	169,8	2,5	-12,0	-2¼	3¾
þ.a. olía	16,6	17,0	15,9	16,4	2,4	-11,5	1	5
þ.a. annað	143,4	153,2	147,2	153,3	2,5	-12,1	-2½	3½
Sérstakur vöruinnflutningur	26,7	32,4	27,8	29,1	4,1	1,3	-8	3¾
Vöruskiptajöfnuður	-37,5	-6,1	16,7	12,8	-	-	-	-
Þjónustutekjur	82,4	107,1	110,9	117,8	19,3	9,1	3	5½
Þjónustugjöld	91,9	104,8	101,6	103,8	21,5	-6,9	-1¾	1½
Þjónustujöfnuður	-9,5	2,3	9,3	14,0	-	-	-	-
Jöfnuður þáttatekna	-20,2	-27,4	-24,9	-27,0	-	-	-	-
Rekstrarframlög ²⁾	-0,8	-1,0	-0,7	-0,8	-	-	-	-
Viðskiptajöfnuður	-68,0	-32,2	0,4	-1,0	-	-	-	-

Skýringar:
¹⁾ Magnbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1990.

²⁾ Tilfærslur nettó frá útlöndum aðrar en launa- og eignatekjur og fjármagnstílfærslur.

Tafla 3. Tekjur, verðlag, kaupmáttur og gengi 1994-2003

	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	Áætlun 2002	Spá 2003
I Vísitölur 1990=100										
Tekjur										
Ráðstöfunartekjur á mann	108,2	114,3	121,6	126,9	140,2	149,4	158,9	173,4	184	192
Laun ¹⁾	114,4	119,6	127,2	134,2	146,8	156,8	167,2	181,9	195	203
Verðlag										
Neysluverðsvísitala	117,0	119,0	121,7	123,9	126,0	130,3	136,8	146,0	153	156
Kaupmáttur ²⁾										
Ráðstöfunartekjur á mann	92,5	96,0	99,9	102,4	111,3	114,6	116,1	118,8	121	123
Laun ¹⁾	97,8	100,5	104,6	108,3	116,5	120,3	122,1	124,5	127	130
Gengi										
Meðalverð erlendra gjaldmiðla ³⁾	116,0	116,1	116,2	114,7	112,6	112,4	112,5	135,1	132	130
Raungengi miðað við verð	91,8	91,9	92,1	92,9	94,4	96,1	98,9	85,9	90	92
Raungengi miðað við laun	89,1	93,0	94,0	96,9	101,7	103,8	105,4	92,4	99	102
II Breytingar frá fyrra ári, %										
Tekjur										
Ráðstöfunartekjur á mann	1,5	5,5	6,4	4,3	10,5	6,5	6,4	9,2	6¼	4¼
Laun ¹⁾	1,2	4,5	6,4	5,4	9,4	6,8	6,6	8,8	7	4½
Verðlag										
Neysluverðsvísitala	1,5	1,7	2,3	1,8	1,7	3,4	5,0	6,7	4¾	2¼
Kaupmáttur ²⁾										
Ráðstöfunartekjur á mann	0,0	3,8	4,1	2,5	8,7	3,0	1,3	2,3	1½	2
Laun ¹⁾	-0,3	2,8	4,1	3,6	7,6	3,3	1,5	2,0	2¼	2¼
Gengi										
Meðalverð erlendra gjaldmiðla ³⁾	4,9	0,1	0,1	-1,3	-1,8	-0,2	0,1	20,1	-2½	-1½
Raungengi miðað við neysluverð	-5,4	0,1	0,2	0,9	1,6	1,8	2,9	-13,1	5	2¼
Raungengi miðað við laun	-7,9	4,4	1,1	3,0	5,0	2,1	1,5	-12,3	6¾	3

Skýringar:

¹⁾ Miðað við launavísitölu Hagstofu Íslands.

²⁾ Miðað við neysluverðsvísitölu.

³⁾ Miðað við gengisskráningargög. 31.12.1991 = 100

Tafla 4. Tekjur og gjöld hins opinbera 1994-2003

Milljarðar króna á verðlagi hvers árs ¹	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	Áætlun 2002	Spá 2003
Heildartekjur	154,5	163,6	179,1	194,8	220,8	252,8	272,8	298,4	321,2	334,0
1. Skattar á tekjur og eignir	62,7	68,0	76,3	86,0	98,6	115,6	128,8	146,9	160,8	169,3
2. Skattar á framleiðslu og innflutning	79,7	83,1	90,7	96,1	109,3	122,5	128,0	128,5	136,6	140,9
3. Vaxtatekjur	7,0	6,8	6,8	6,6	7,5	8,7	10,1	13,6	11,8	12,1
4. Aðrar tekjur	5,1	5,6	5,3	6,2	5,5	6,0	5,8	9,4	12,0	17,7
Heildarútgjöld	175,1	177,0	186,8	194,9	218,0	238,1	256,6	295,1	319,2	338,5
1. Samneysla þar af afskriftir	93,8 9,3	99,0 9,9	105,6 10,5	112,8 11,1	127,7 11,8	142,1 12,6	156,7 13,5	175,5 14,8	188,9 15,9	196,1 16,8
2. Vaxtagjöld	18,0	20,0	19,5	19,6	21,2	22,7	22,8	27,2	30,1	30,9
3. Framleiðslustyrkir	8,74	8,67	9,17	9,20	9,15	10,63	11,57	13,65	14,55	14,87
4. Tekjutilfærslur	33,9	36,2	37,2	38,8	40,1	42,6	47,2	55,4	61,0	67,6
5. Fjármunamyndun	19,5	16,0	17,6	18,4	23,6	25,3	24,8	29,4	31,7	36,7
6. Fjármagnstilfærslur	10,3	7,1	8,2	7,3	8,1	7,4	6,9	8,7	8,8	9,2
Tekjuafgangur	-20,6	-13,4	-7,7	-0,1	2,8	14,7	16,3	3,4	2,0	1,5
Hlutfall af landsframleiðslu, %										
Heildartekjur	35,2	36,2	36,9	38,0	38,9	41,7	41,4	40,1	40¾	41½
Heildarútgjöld	39,9	39,1	38,5	38,0	38,4	39,3	39,0	39,6	40½	41½
Tekjuafgangur	-4,7	-3,0	-1,6	0,0	0,5	2,4	2,5	0,5	½	¼
Skatttekjur	32,4	33,4	34,4	35,5	36,6	39,3	39,0	37,0	37¾	38
Samneysla	21,4	21,9	21,8	22,0	22,5	23,4	23,8	23,6	24	24

Skýringar:

¹⁾ Uppgjör samkvæmt þjóðhagsreikningastaðli Sameinuðu þjóðanna.